



Jólin, jólin allsstaðar

Nú er aðventan farin af stað með sinni einstöku ljósadýrð og samverustundum vina og fjölskyldu. Af því tilefni voru jóla-ljósir tendruð víðsvegar um Suðurland um síðustu helgi. Á meðfylgjandi mynd má sjá íbúa Eyrarbakka ásamt nokkrum rauðklæddum sveinum dansa í kringum nýttendrað jólatré bæjarins á sunnudagskvöld. Mynd: Dagskráin/HGL



Árborg tekur á móti allt að 100 flóttamönnum á næsta ári

Í síðustu viku rituðu Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, Fjola S. Kristinsdóttir, bæjarstjóri í Árborg og Nichole Leigh Mosty, forstöðukona Fjölmenningsseturs undir samning um samræmda móttöku flóttafólks í Árborg. Samningurinn var undirritaður á Selfossi og kveður á um að sveitarfélagið taki í samstarfi við stjórnvöld á móti allt að 100 flóttamönnum fram til 31. desember 2023.

Samræmd móttaka flóttafólks nær til fólks sem fengið hefur alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða hér á landi. Markmiðið er að tryggja flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur og í hvaða sveitarfélagi það sest að. Lögð er áhersla á nauðsynlega aðstoð til að vinna úr áföllum og fólk fái tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, svo sem með atvinnu, samfélagsfræðslu og námi, þ.m.t. íslenskunámi.

Árborg hefur síðastliðin ár verið móttökusveitarfélag fyrir flóttafólk og meðal annars tekið á móti flóttamönnum sem stjórnvöld hafa boðið til landsins, auk þess að vera þátttakendur í tilraunaverkefni um samræmda móttöku flóttafólks sem hófst árið 2021. Flóttafólk sem sest

hefur að í Árborg hefur komið frá Afganistan, Íran, Sýrlandi, Úkraínu og Venesúela.

Samkvæmt samningnum mun Árborg sem fyrr segir taka á móti allt að 100 flóttamönnum fram til 31. desember 2023, þó aldrei færri en 50 manns. Fjölmenningssetur er tengiliður milli ríkis og Árborgar og tengir flóttafólk við sveitarfélagið, auk þess að veita starfsfólki þess faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf.

„Árborg hefur tekið myndarlega á móti fólki á flótta og býr yfir mikilvægri reynslu af móttöku flóttamanna. Nýju samningarnir sýna ríkan vilja sveitarfélagsins til að hlúa að flóttafólki í neyð. Ég óska Árborg og íbúum sveitarfélagsins hjartanlega til hamingju,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra.

„Móttaka flóttafólks í Sveitarfélaginu Árborg hefur gengið afar vel en með undirritun samnings við ríkið vill sveitarfélagið tryggja farsæla móttöku og aðlögun flóttafólks og barna. Það er ánægjuefni að samningurinn sé í höfn en hann mun stuðla að samfelldri og jafnri þjónustu en það er mikilvægt að flóttafólk fái jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu sem fyrst,“ segir Fjola S. Kristinsdóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



FALLEGAR JÓLAGJAFIR

Margt fallegt í jólapakkann

ALLTAF OPIÐ Í VEFVERSLUN OKKAR **TISKUVERSLUN.IS**

Munið gjafabréfin vinsælu

NÁTTKJÓLAR
NÁTTFÖT
LEÐURHANSKAR
SLÆÐUR
KLÚTAR

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Það eru **22** DAGAR TIL JÓLA

Kakó og jólabækur!

Jólin koma með kertaljósum, kakói og upplestri jólabókanna í Bókakaffinu á Selfossi. Fyrsta upplestrar- kvöldið er fimmtudagskvöldið 1. des. kl. 20.

Öll velkomin meðan húsrúm leyfir

Upplesarar:
Elísabet Jökulsdóttir, Ögmundur Jónasson,
Óskar Magnússon, Jón Hjartarson,
Ásdís Ingólfssdóttir og Kristinn R. Ólafsson

Bókakaffið AUSTURVEGI 22, SELFOSSI



KEYRSLA.IS

Sími 820-3880 Odýr sendibílabjónusta

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Bókin Guðni-Flói bernsku minnar

Í bókinni Guðni-Flói bernsku minnar segir Guðni Ágústsson frá skemmtilegu og mögnuðu fólki í Flóanum en Guðjón Ragnar Jónasson skrifar bókina og þeir ferðast um saman. Bókin geymir hnyttin tilsvör, örlaga-sögur og lýsingar á fólki.

Mjög margt fólk kemur við sögu og þeir félagar ferðast nánast bæ frá bæ. Ferðin hefst í Laugardælum þar sem örlaga-saga Bobby Fischers er sögð og það að séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson hafi jarðsungið hann sex sinnum, og skákmeistarinn varð áhrifavaldur í málefnum Íslands á heimsvísu.

Magnaður er pólitískur draumur Bjarna Stefánssonar bónda í Túni sem hann dreymdi tvisvar um það leiti sem Guðni verður landbúnaðarráðherra. Bjarni sér sig knúinn til að vara Guðna við Halldóri Ásgrímssyni en hann birtist Bjarna í draumi í Túnsbröggnum í heimaslátrun.

Kristinn Helgason í Hala-koti var þjóðsagnapersóna og margt er rífað upp úr lífi hans, leiklist og fleiru. Guðni segir frá því að Pétur Gunnarsson rit-höfundur hafi skrifað söguna Punktur Punktur Komma Strik eftir að hafa verið mörg sumur í Halakoti og þessi magnaða bók var kvikmynduð. Kristinn er Stefán á Litlu-Tá og fór á hvítatjaldið. Sagan af kálfinum Fífl og krökkunum í Halakoti er sprenghlæileg.

Þeir koma við í Langholti hjá Hreggviði Hermannssyni trésmið og listamanni og hann segir frá raunum sínum og viður-eigninni við þessa „andskota“, sem eru framsóknamennirnir



Börnin á Brúnastöðum.

sem hann telur sína verstu and-stæðinga.

Presthjónin Sigurður Pálsson og Stefánía í Hraungerði koma mikið við sögu, Bella á Kjartan-stöðum eða á Bellubar, hún lagði á og mælti um að Guðni yrði landbúnaðarráðherra og bakaði ráðherratertuna.

Siggi á Neistastöðum fær sinn skerf enda, þingeyingur sem var kommúnisti og fékk leyfi til að fara inn í Bandaríkin með því að upplýsa að hann væri félagi í SS eða Sláturfélagi Suðurlands.

Eyvindur Erlendsson leikstjóri setti Nýársnóttina á svið í Þjórsárverri og kom Guðna á leiksviðið og þaðan fór hann á stóra sviðið á Alþingi.

Einlægasti kafli bókarinnar er þó sagan af Ingveldi móður Guðna og uppeldinu á Brúna-stöðum en þau Ágúst eignuðust sextán börn á 21 ári við að-stæður þar sem engin rafmagns-tæki voru til staðar lengi vel, og stærð hússins aðeins sjötíu fermetrar. Teikning Sigmunds er frábær söguleg heimild þar

sem krakkarnir kúra tvö í hverju rúmi. Guðni segir móður sína hafa verið kallaða huldukonuna á Brúnastöðum en í litlum hópi vana hafi hún átt fallegasta brosið og skærasta hláturinn.

Mögnuð árflóð úr Hvítá við Brúnastaði fá sinn skerf í myndum og minningu Ágústis föður Guðna þar sem munaði mjóu að tveir synir Ágústis færust.

Ágúst var heljarmenni og bjargaði lífi sínu með því að halda tíu vetra griðungi í heljar-greipum og segir Guðni þetta afrek nálgast að vera jafn mikið þrekvirk og glímu Grettis við drauginn Glám.

Loks bregða þeir félagar sér yfir Hvítá að hinu forna sýslu-mannssetri í Kiðjabergi og leysa gátuna um Biblíubréfið fræga, dýrasta bréf Íslandssögunnar.


„Bókin er spennubók, fróðleg og skemmtileg aflestrar.“ Eftir að sagnfræðingurinn Lýður Pálsson lauk við að lesa bókina, komst hann svo að orði: „Ég gat ekki lagt hana frá mér og las hana í einum rykk á fimm klukkustundum.“



Guðni Ágústsson færði Fjölu Kristinsdóttur bæjarstjóra Árborgar bók sína; Guðni-Flói bernsku minnar. Morgunhanarnir sem skrafa og drekka kaffi í bókasafninu á morgnana mynduðu varðhring um athöfnina.



Gamli bærinn á Brúnastöðum sem var sjötíu fermetrar. Hann lét Ágúst Þorvaldsson byggja árið 1932 en þar var búið til 1956. Mynd úr safni Ásdísar Ágústsdóttur frá Brúnastöðum.



lindex.is

LINDEX

Litla veiðihornið varð að stórrí útivistarverslun

Midgard Outfitters, stórglæsileg ný verslun með útivistar- og veiðivörum opnaði að Austurvegi 11 um síðustu helgi. Axel Ingi Viðarsson, Einar Valur Einarsson og Þórarinn Þór, eigendur Dýraríkisins eru eigendur verslunarinnar en með blóði, svita og tárnum hafa þeir komið upp þessari virkilega flottu verslun á besta stað í bænum á fáeinum vikum.

„Við byrjuðum með veiðibúðina árið 2020 í miðju covid. Við áttum laust hillupláss inni í Dýraríkinu og ákváðum að gera smá veiðihorn þar en við erum allir veiðimenn og áhugasamir um allt sem viðkemur veiði. Við byrjuðum á að selja svona staðlaðar veiðivörur, kaststangir, eina og eina flugustöng, spúna og þetta allra helsta, bara til að prófa. Við fengum gamla afgreiðsluborðið frá Kalla úr, nýja nágranna okkar, sem hentaði mjög vel fyrir útstillingar á spúnunum því það er með flottum glerhillum og smellpassaði í veiðihornið okkar. Síðan jókst eftirspurnin og í kjölfarið vörur úrvalið. Þetta gerðist mjög hratt og við ákváðum að stækka aðeins meira, svo meira og í leiðinni tókum við alltaf meira og meira pláss frá Dýraríkinu svo ákvörðun var tekin um að þetta yrði síðasta árið sem veiðibúðin fengi bústað í Dýraríkinu og að við myndum opna þessa útivistarverslun,“ segir Axel.

Axel segir það að selja einungis stangveiðivörur sé ekki arðbært allt árið um kring, enda sé veiðin árstíðabundin. „Svo til þess að gera þessa verslun að möguleika þurftum við að finna eitthvað annað á móti til þess



að halda rekstrinum gangandi allan ársins hring. Við fórum í samstarf við Fjallakofann og erum t.d. að selja Caveman vörur sem er íslenskt fyrirtæki sem framleiðir skyrtur. Við erum með buxur frá Duer fyrir öll kyn, Scarpa útivistarskó og eigum eftir að bæta fleiri vörumerkjum í skóflokkinn, vöðlur, vöðluskó, vöðlujakka, hlýjar úlpur, léttari dúnulpur og ýmislegt fleira. Svo eru á næstunni að bætast við vörur frá Kormáki og Skyldi en þar má sem dæmi nefna hið vinsæla Barbour vörumerki. Við stefnum svo bara á að halda okkar striki og leyfa versluninni að vaxa og þróast eftir eftirspurn, eins og hún gerði innan veggja Dýraríkisins. Þegar líður á vorið munum við færa út þennan vetrarfatnað sem við erum með núna og fylla verslunina af t.d. golfvörum og ýmsum árstíðabundnum göngu-, veiði- og útivistarvörum.“

Aðspurður hvort stefnt sé á að selja skotveiðivörur segir Axel að ekkert sé útilokað. „Það er möguleiki, það er bara þekk-

ing sem við höfum ekki, en ef við fáum einhvern inn sem hefur góða þekkingu á því sporti er aldrei að vita hvað gerist.“

Yfir 50 ára gamalt afgreiðsluborð

Allt umfang búðarinnar og uppsetning er virkilega fallett og vel vandað til verka og minnir helst á veglegan Amerískan fjallakofa, hátt til loftis og vítt til veggja, enda var það einmitt stemningin sem þeir vildu ná fram í Midgard Outfitters. „Allt sem er að finna hér, innréttingar, mottur, borð og skrautmunir er eitthvað sem ég er búinn að vera að sanka að mér í meira en ár. Ég vissi að þetta staði til þó ég vissi ekki alveg hvenær, svo ég ákvað að byrja að tína þetta saman svo ég yrði ekki á hlaupum með tóma búð á síðasta snúning þegar við myndum opna. Ég er með kistil frá seinni heimstyrjöldinni, gamlar ferðatöskur, afríska bongótrommu, borð sem ég hef fengið í nytjamörkuðum og hluti af afgreiðsluborðinu er yfir 50 ára gamall. Við unnum baki brotnu í 10 daga með hefil og pensla á lofti að lakka og hefja viðinn til skiptis svo hann fengi þetta „rustic“ yfirbragð. Hinrik Óskarsson vinur minn hjálpaði mikið við smíðavinnuna, mamma (Ninna Björg Borgarsdóttir) sá um útstillingar á öllu í búðinni en nokkrir góðir vinir komu að uppsetningunni með mismunandi sérþekkingu og reynslu og létu þetta verða að veruleika á einum mánuði. Við erum að leita að starfsfólki í verslunina en æskilegt er að umsækendur hafi reynslu og þekkingu á útivist,“ segir Axel að lokum.



Appelsínusnúðar með súkkulaðibitum gegn ofbeldi

Dagana 25. nóvember til 10. desember stendur yfir alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. Átakið, sem leitt er af Sameinuðu þjóðunum, hófst 25. nóvember og lýkur 10. desember, sá dagur er tileinkaður alþjóðlegum mannréttindum og er jafnframt alþjóðadagur Soroptimista. Um allan heim sameinast hin ýmsu samtök í því að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi með ýmsum hætti en roðagylltur litur er einkenni átaksins, #roðagyllumheiminn, #oragetheworld, en hann á að tákna hjartari framtíð.

Soroptimistar eru þær sem standa að baki Sigurhæða, en þær veita konum á Suðurlandi, sem hafa orðið fyrir kynbundnu ofbeldi, áfallameðferð, ráðgjöf og lögfræðiaðstoð án endurgjalds.

Piltarnir í GK Bakarí leggja lóð sín á vogarskálarnar, og þegar blaðamann bar að garði voru þeir önnur kafnir við að kreista og raspa appelsínur í undirbúning styrktarátaksins.

„Appelsínugulur er ein-kennislitur Sigurhæða, og því lá það beint við að dusta rykið af gömlum vin; snúð með appelsínufyllingu og súkkulaðibitum. Snúðarnir verða í boði frá 1. til og með 10. desember og rennur allur ágóði sölnunnar til Sigurhæða,“ segir Kjartan. „Einnig verður hægt að panta poka með 10 eða 20 „mini“-snúðum, sem eru tilvaldir á kaffistofuna eða í sunnudags-

brönsinn“ skýtur Guðmundur að.

En þetta er ekki í fyrsta sinn sem þið leggið málefnið lið?

„Nei, við tókum þátt í fyrra og vorum virkilega ánægðir með móttökunar. Í ár stefnum við enn herra og vonumst til að sem flest leggi í púkkið. Margt smátt gerir eitt stórt!“ segir Kjartan.

En eruð þið ekki á haus í jólaundirbúningi strákar?

„Jú, við erum að jóla yfir okkur þessar vikurnar. Jóla-vörurnar eru að tínast í búðina og enska jólakakan marinerar sig í rólegheitum herna á bakvið. En þó jólin séu fyrst og fremst hátíð gleði og eftirvæntingar þá megum við ekki gleyma því að standa við bakið á fólkinu í kringum okkur og vekja athygli á brýnum málsstað. Birtingarmyndir kynbundins ofbeldis geta verið margskonar, og hvort sem það er líkamlegt, andlegt eða staf-rænt er mikilvægt að þolendur slíks ofbeldis geti leitað sér aðstoðar án endurgjalds hér á Suðurlandi.“ segir Guðmundur að lokum.

Átakið stendur til 10. desember og piltarnir benda á að hægt sé að panta mini-snúða með því að senda þeim tölvupóst á póstfangið gkbakari@simnet.is eða senda þeim línu á facebook síðu bakarisins: GK Bakarí og hvetja öll til að kynna sér þá þjónustu sem veitt er á Sigurhæðum á vefsíðu þeirra sigurhaedir.is.

Gefðu persónulegar jólagjafir í ár

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Gamalt orð um litla lukt, lekabæna útá bugt, ílát sem ég áður fann, orðið haft um drykkjumann.

Svar við gátu í blaði 2676: **BORÐ**
1. Skákborð - 2. Mælaborð
3. Yfirborð - 4. Bak- og stjórnborð





SAMÚELSSON
MATBAR

-20%

KYNNINGAR AFSLÁTTUR!
AF ÖLLUM VEISLUM ÚR VEFVERSLUN,
ALLT AÐ 150 EININGUM (CA 10 MANNS)

NÝ VEFVERSLUN FYRIR VEISLUR KOMIN Í
LOFTIÐ. SKANNAÐU KÓÐANN OG SKOÐAÐU
MATSEÐILINN.

**SETTU SAMAN ÞÍNA
EIGIN JÓLAVEISLU!**

NOTAÐU KÓÐANN "JOLAVEISLA" Á
GREIÐSLU SÍÐU TIL AÐ VIRKJA AFSLÁTT



KÓÐINN GILDIR TIL 20/12/22



ILVA

**NÝ VERSLUN OPNAR Á SELFOSSI
ÞANN 30. NÓVEMBER**

AUSTURVEGUR 69, 800 SELFÖSS

Jólabingó

Ferðaklúbburinn 4x4 Suðurlandsdeild heldur fjölskyldu-jólabingó, þriðjudaginn 6. desember kl. 20:00 í Karalakórshúsinu að Eyravegi 67 á Selfossi. Fjöldi góðra vinninga er í boði. Innifalið í verði bingó-spjaldsins er kakó og kökur. Allir eru velkomnir, félagsmenn sem aðrir.



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Skíðbakki - Deiliskipulagstillaga

Deiliskipulagið nær til um 1,9 ha landspildu úr Skíðbakka 1. Heimilt er að byggja allt að 250 m² íbúðarhús með hámarks-mænishæð 8,0m, 50 m² gestahús með hámarks-mænishæð 5,0m og allt að 300 m² skemmu með hámarks-mænishæð 8,0m.

Rimakot - Deiliskipulagstillaga

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir tengivirki á lóðinni Rimakot L163918 í Austur Landeyjum. Gert er ráð fyrir viðbyggingu við núverandi spennistöð og er heildarbyggingarmagn lóðarinnar allt að 600 m². Hæð bygginga er allt að 8,0m m.v. gólfkóta.

Skeggjastaðir land 10 - Deiliskipulagstillaga

Um er að ræða tillögu að deiliskipulagi á spildunni Skeggjastaðir land 10 L194252. Gert er ráð fyrir íbúðarhúsi, allt að 200m² að stærð, skemmu allt að 200 m² að stærð og hesthúsi allt að 200 m² að stærð.

Skeggjastaðir land 18 - Deiliskipulagstillaga

Um er að ræða tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Skeggjastaðir land 18 L199781. Gert er ráð fyrir að núverandi frístundahúsi, sem er ca 60 m² að stærð, verði breytt í íbúðarhús. Á lóðinni er auk þess 21 m² geymsluskúr. Gert ráð fyrir mögulegri stækkun á núverandi húsum, um allt að 60 m². Heildarstærð lóðarinnar er 1803 m².

Ofangreindar deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 30. nóvember sl. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 11. janúar nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Bók sem fjallar um það að vera hálf svartur og hálf hvítur segir lestrarhesturinn Eva Dögg Atladóttir

Selfyssingurinn Eva Dögg Atladóttir er að eigin sögn „altmuligmand“. Hún hefur unnið sem leikkona, viðburðastjórnandi, pop-up matreiðslunám-skeiðshaldari með Masterchef India keppanda, jóga kennari, Balí og Ayurveda nuddari, unnið með fötluðum, ásamt því að starfa á Bragabátum á Selfossi - og gert þetta allt á einu og sama árinu. Auk þess hefur Eva stundað nám í mannfræði við Háskóla Íslands og lært tölvuforritun í fjarnámi. Hún segist sinna besta starf í heimi sem er vera mamma þriggja ára gamallar stúlku sem heitir Aþena Dröfn.

Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Ég er að lesa margar bækur: The Book of Nakshatras - A Comprehensive Treatise on the 27 Constellations eftir Prash Trivedi en það er mikið bókmenntaverk eftir mikils metinn höfund í heimi stjörnufræðinga. The Nakshatras - The Stars Beyond The Zodiac eftir Komilla Sutton en hún er líka hátt skrifuð í heimi stjörnufræðinnar. Karma & Rebirth in Hindu Astrology eftir K.N. Rao en það er bók um jóga og vedísku fræðin. Yoga, Destiny, and The Wheel of Time er líka eftir K.N. Rao sem fjallar einnig um jóga og örlögin samkvæmt vedískum fræðum. Ég er auk þess með tvær bækur djúpt ofan í töskunni minni en það er Glæpur við fæðingu eftir Trevor Noah sem fjallar um hvernig það sé að vera hálf svartur og hálf hvítur. Frásögn Noah gerist í Suður-Afríku á tímum aðskilnaðarstefnunnar þegar tilvist hans var svo að kalla ólögleg. Svo verð ég að nefna bókina Skuggi ástarinnar eftir kúrdíska rithöfundinn Mehmed Uzun en það verk langar mig að lána vinkonu minni.



Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Andlegar bókmenntir frá andlegum meisturum, jógum, munkum, heimspekingum og The Bhagavad Gita (en ég safna allskonar tegundum af The Bhagavad Gita). Svo er ég stórhvín af bókmenntum eftir frjálshugsandi fólki eins og til dæmis Ernesto Che Guevara, Charles Bukowski, Hunter S. Thompson, Jack Kerouac, Allen Ginsberg, William S. Burroughs, Alain de Botton, Yuval Noah Harari, Voltaire, Sylvia Plath, Noam Chomsky, Paul Lafargue og fleiri. Ég elska líka verk íslenskra rithöfunda eins og Gunnars Dal, verk kólumbískra rithöfunda eins og Gabriel García Marquez, japanskra rithöfunda eins og Haruki Murakami, franskra rithöfunda eins og Michel Houellebecq og fleiri.

Varstu alin upp við bóklestur?

Já ég var alin upp við að lesa alfræðiorðabækur og átti CD-rom fyrir börn til að læra alfræðirit. Mér þótti það mjög skemtilegt að læra um dýrin, um náttúruna og um allan heiminn. Mamma og pabbi voru líka dugleg að lesa handa mér Grimms ævintýrin, Astrid Lindgren bækurnar og fleiri ævintýrabækur. Svo var ég dugleg að sinka að mér bókum og var í bóka-klúbbi og safnaði fullt af bókum eftir Dr. Seuss, R.L. Stine (Gæshúðar bækurnar), Marvel comics, DC comics, MAD blöðin, Babysitter's Club, og Magical School Bus. Ég var um tíma í amerískum grunnskóla og þetta voru vinsælustu bækurnar þar. Svo las ég auðvitað Andrés Önd heima á Íslandi þegar ég kom heim á sumrin.

En hvað einkennir lestrarvenjur þínar?



Eva Dögg Atladóttir

Það er sko margt. Ég verð alltaf að hafa bók við höndina. Ég les yfirleitt í baði, á ferð, í sófanum, á kaffihúsum, í flugvélum, á ströndinni, uppi í rúmi og ég get fullt að bækur eru bara tryggustu vinirnir mínir.

Áttu þér einhverja uppáhaldshöfundu?

Ég elska japanska rithöfundinn Haruki Murakami mest af öllum. Hann hefur verið algjör listamaður í súrrealískum og post-móðernískum bókmenntum og að lesa frásagnir eftir hann er algjört ferðalag út í annan geim.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Ein bók sem heitir The Tibetan Book of the Dead vakti óhug minn þegar ég loksins eignaðist hana og öll ljósín slökknuðu um leið og ég opnaði bókina. Það var mjög dularfull stund.

En að lokum Eva, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ég myndi yrkja ljóð og semja sjálfsævisögu. En það hefur alltaf verið einn af draumunum mínum: að vera skáld.

Umsjón með Lestrarhesti hefur Jón Özur Snorrason – jonozur@gmail.com

Vel heppnað samtal við íbúa 67 ára og eldri

Sunnudaginn 20. nóvember bauð sveitarfélagið Rangárþing Ytra íbúum 67 ára og eldri til samtals um hvað sem kynni að brenna á þessum hópi íbúa. Sveitarstjóri Jón G. Valgeirsson ásamt fulltrúum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins voru á staðnum og til viðtals. Jón Ragnar Björnsson fulltrúi í jafnréttis-, atvinnu- og menningarnefnd stýrði viðburðinum. Rithöfundarnir okkar þær Harpa Rún Kristjánsdóttir og Fanney Hrund Hilmarsdóttir sögðu frá sínum störfum ásamt því að Gísli Stefánsson og Grétar í Ási voru með tónlistaratriði. Kvenfélagið Unnur sá um kaffiveitingar.

Það sem fram kom að brynni á fólki var eftirfarandi:

Koma þarf upplýsingum um heimaþjónustu á framfæri með skýrari hætti, hvar sækir fólk um og hvað er í boði?

Rætt var um snjómokstur úr heimkeyrslum, hvaða reglur væri í gangi varðandi það.

Hvatning um að fjölga bekkjum í þorpinu og að þess væri

gætt að ekki væri of langt á milli bekkja.

Ósk um að settur verði sturtustóll í karlaklefa sundlaugarinnar á Hellu og eins bæta aðgengið að klefum og sundlaug fyrir þá sem eiga erfitt með gang.

Huga þarf að gangstéttum við nýjar götur í Ölduhverfi m.t.t. hæðarmismunar á götu / innkeyrslum.





Þórhallur er einn margra sjálfböðliða við Skötukvöldin frá upphafi.

Skötukvöld í mekka hestamanna

Mætum vel á Skötukvöldið á Hellu

Föstudaginn 9. desember nk. kl. 20 veður blásið að nýju til Skötukvölds í Íþróttahúsinu á Hellu til styrktar reksturs Rangárhallarinnar. Fyrsta Skötukvöldið var haldið á Laugarlandi í desember 2014 og hefur vaxið og dafnað æ síðan. Það hefur verið haldið til styrktar uppbyggingu á Landsmótssvæði hestamanna á Rangárbökkum og hefur munað verulega um þá búbot sem Skötukvöldið hefur lagt til.

Að venju verður margt til skemmtunar á Skötukvöldinu sem nú er haldið eftir hart nær þriggja ára hlé vegna covid. Fannar Jónasson bæjarstjóri í Grindavík verður ræðumaður kvöldsins. BSRB-Leyniskyttarnar spila nokkur lög og stjórna fjöldasöng, harmonikkuleikur tekur á móti gestum og hið víðfræga happdrætti verður haldið með pomp og prakt þar sem öll fyrri met verða sleginn í gæði vinninga og seldum miðum. Þá er líklegt að fleiri stígi á stökk og á það eftir að verða mjög skemmtilegt.

Nú ríður á að maður verði manns gaman og að Sunnlendingar mæti á Skötukvöldið. Við erum að fá okkar besta fólk til að elda með okkur skötuna, saltfiskinn og plockfiskinn sem boðið verður uppá að ógleymdum ábrysti sem kemur frá Guðna á Helluvaði að venju. Allir gefa vinnu sína við kvöldið, starfsmenn og skemmtikraftar.

Mikilvægt er að tryggja sér miða sem fyrst en gert er ráð fyrir að met mæting verði á Skötukvöldið miðað við áhuga og undirtektir síðustu daga.

Þeir sem vilja tryggja sér miða og sæti á Skötukvöldið geta sent upplýsingar um nafn og kennitölu á póstfang Rangárhallarinnar rangarhollin@gmail.com

Fh. undirbúningsnefndar,
Ási, Eiríkur, Þróstur, Vilborg,
Kristinn, Helga, Gústav,
Maggi og fl.

Sendu jólapakkana hvert á land sem er

Við komum þeim til skila til vina og vandamanna daginn eftir um allt land ef pakkinn berst okkur fyrir kl. 14.*

Eitt verð fyrir alla pakka undir 45 kg að þyngd og 50×50×50 cm að stærð – aðeins 1.500 kr. Það sama gildir um jólamatinn, við erum sérfræðingar í flutningi á kæli- og frystivöru.

Skráðu þína sendingu á eimskip.is

Það er einfaldast og fljótlegast að skrá sendinguna á eimskip.is áður en þú kemur með pakkann til okkar. Þú færð svo tilkynningar um stöðu sendingarinnar beint í símann.

*Á lengstu leiðunum getur mögulega bæst við einn dagur en við tryggjum að sendingin fari alltaf með fyrstu ferð.

Rekstur til sölu



Fyrirtækið er staðsett á Selfossi og hefur sérhæft sig í pústþjónustu, sandblæstri og pólyhúðun um nokkurt skeið.

Frekari upplýsingar

Hallgrímur
S: 857-2000



Kerhólsskóli óskar eftir að ráða deildarstjóra í leikskóladeild

Kerhólsskóli óskar eftir að ráða deildarstjóra í leikskóladeild tímabundið í eitt ár vegna fæðingarorlofs. Möguleiki er á áframhaldandi starfi við Kerhólsskóla.

Vakin er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu.

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með u.þ.b. 70 nemendum á aldrinum 1. árs upp í 10. bekk þar af eru 15 börn í leikskóladeild. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt, útikennslu og heilsuefningu. Leikskóladeildin vinnur auk þess út frá kenningum um „Flæði“.

Deildarstjóri í 100% starf. Deildarstjóri í leikskóladeild starfar eftir starfslýsingu deildarstjóra í leikskólum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu í leikskóla
- Góð færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Vilji til að gera góðan skóla betri

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur 11. desember 2022.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 480-5520, 863-0463. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra, jonabjorg@kerholsskoli.is

Nítíu ára afmæli skólahalds á Selfossi

Skólinn er samfélagið og smeningin sem verður þar til en ekki steypa og veggir, hjarta þorpsins slær í skólanum. Nú fögnum við því að 90 ár eru síðan skólahald á Selfossi var sett í fastar skorður. Vallaskóli fagnar því um leið 90 ára afmæli sínu. Þó lítið hafi borið á veisluhöldum í haust má með nánast hreinni samvisku fagna afmælinu allt fram á næsta haust en þá verða 90 ár liðin frá ráðningu Sigurðar Eyjólfsssonar fyrsta skólastjóra Barnaskólans.

Það var ósköp venjulegur miðvikudagur eða miðvikudagskvöld, dagsetningin var 28. september og árið 1932. Fjórir menn komu saman í Sigtúnum á Selfossi, mennirnir voru Guðmundur Þorvarðarson, Sigurgeir Arinbjarnarson, Jón Þorkelsson og Egill Thorarensen en þeir skipuðu hreppsnefnd Sandvíkurhrepps á þessum tíma. Mjólkururbú Flóamanna var að verða þriggja ára, stofnað 1929, og Kaupfélag Árnesinga tæplega tveggja ára, stofnað í desember 1930. Þorpið við brúarsporðinn, Selfoss, var ekki stórt á þessum tíma, þ.e. árið 1932, rúmlega 70 íbúar. Nokkru áður hafði skólanefnd Sandvíkurhrepps upplýst hreppsnefndina um að allar tilraunir til að útvega húsnæði til kennslu fyrir komandi vetur, þ.e. skólaárið 1932-1933 hefðu ekki borið árangur.

Hverfum nú aftur til ársins 1907 en þá samþykkti Alþingi Fræðslulögin en með þeim var öllum börnum á Íslandi tryggð skólaganga frá 10 til 14 ára aldrurs. Skólar voru ýmist farskólar eða staðskólar. Í Sandvíkurhreppi var farskóli rekinn á vetur, 24 vikna skóli svona yfirleitt þó stundum hafi það gerst að skólaárið væri styttra. Árið 1928 var í fyrsta skipti kennt við Ölfusá eins og það var kallað, þ.e.a.s. kennt var í Tryggvaskála og markar það að vissu leyti upphaf skólustarfs á Selfossi. Árið 1931 lagði skólanefndin til að öll kennsla færi fram á Selfossi en fram að þeim tíma var kennt á nokkrum stöðum í Sandvíkurhreppnum og skólinn því sannarlega farskóli. Hreppsnefnd var um leið hvött til þess að koma upp skólahúsi.

Við skygnumst aftur inn á hreppsnefndarfundinn í Sigtúnum þann 28. september 1932. Skilaboð skólanefndar voru nú enn skýrari en árið áður, reisa yrði skólahús strax eða fella kennslu niður að öllu leyti og segja kennaranum upp störfum. Hreppsnefndin samþykkti að reist skyldi skólahús á Selfossi ef styrkur fengist úr ríkissjóði. Og nú gerðust hlutirnir með undaskjótum hætti. Grafið var fyrir undirstöðum skólahússins norðan við Stað við bakka Ölfusár. Kristinn Vigfússon sá um smíðina og reis húsið hratt og örugglega. Mánuði eftir að grunnurinn var tekinn hófst kennsla. Skólahúsnæðið var ekki stórt, 47 fm að



Marsibil Ólafsdóttir kennari við Barnaskólann á Selfossi. Með nemendum fæddum 1959. Mynd af Héraðsskjalasafni Árnessinga

grunnfleti, ein kennslustofa, forstofa og geymsla. Í skólanum var ekki rennandi vatn, rafmagn eða hiti. Húsið var hitað með mannhæðarháum kolaofni og útikamar var norðan við húsið. Fyrsta veturinn sem kennt var í skólahúsnæðinu 1932-1933 var skólinn enn að nafninu til farskóli og kenndi Ásthildur Pálsdóttir þeim 16 nemendum sem skólan sóttu.

17. júní árið eftir samþykkti hreppsnefnd Sandvíkurhrepps að farskóli hreppsins yrði gerður að föstum skóla. Sigurður Eyjólfsson frá Stokkseyri ráðinn kennari, hann var fyrstu árin eini fastráðni kennari skólans. Anna Oddsdóttir í Sunnuhvoli var ráðin til að kenna stúlum handavinnu. Var Sigurður eini fastráðni kennarinn við skólann í 10 ár, ekki var gerður neinn greinarmunur á kennara og skólastjóra, þorpið var með einn kennara, einn lækni og einn prest. Skólinn stækkaði með þorpi í stöðugum vexti og fljótlega var ljóst að skólabýggingin sem byggð var árið 1932 var sprungin. 1942 var ákveðið að byggja nýja skólabýggingu en til að brúa bilið meðan byggt var nýtt skólahúsnæði austar í þorpinu við Tryggvagarð var brugðið á það ráð að leigja hús-

næði í þorpinu, á sama tíma var fastráðinn við skólann Leifur Eyjólfsson en hann kenndi við skólann allt til ársins 1989. Haustið 1945 hófst kennsla í nýju húsi skólans 280 fm að stærð með tveimur kennslustofum, kennarastofu, snyrtingu, handavinnustofu, íþróttasal og búningsherbergjum. Á þessum fyrstu árum skólustarfs má segja að reglan hafi verið sú að á 10 ára fresti þurfti að byggja við skólann. 1952 var hafist handa við viðbyggingu skólans. Með breytingum á fræðslulögum breytist skólinn og lagaði sig að nýjum hlutverk, framhaldsdeild varð Gagnfræðaskóli og reknir voru saman Barnaskóli og Gagnfræðaskóli um langa tíð. Með lögum um grunnskóla frá 1995 breyttist hlutverk skólans enn og aftur og nú voru Barnaskólinn og Gagnfræðaskólinn orðnir Grunnskólar. Tveir á sama blettinum að þjónusta Selfoss. Fengu þeir nöfnin Sandvíkurskóli og Sólvallaskóli. Þeir voru svo á endanum sameinaðir í Vallaskóla sem var á tímabili fjölmennasti grunnskóli landsins.

Már Ingólfur og Þorsteinn Tryggvi Mássynir.



Sigurður Eyjólfsson fyrrum skólastjóri í Barnaskólanum á Selfossi. Heldur ræðu þann 20. maí 1971 á 50 ára afmæli Sambands íslenskra barnakennara. Mynd af Héraðsskjalasafni Árnessinga



Skólahúsnæðið við Tryggvagarð. Horft frá Tryggvagötu. Mynd af Héraðsskjalasafni Árnessinga

Verið velkomin í Listasafn Árnesinga á Mmm...listakvöld

málið | myndlistin | músíkin

Fimmtudaginn 1. desember kl. 20:00

Árlegt samstarf Listasafnsins og Bókasafnsins í Hveragerði þar sem lesið er úr nýjum bókum, tónlist flutt og myndlist til skoðunar.



Eyjólfur Eyjólfsson flytur nokkur lög.



Austurmörk 21 | 810 Hveragerði | Sími 483 1727 | www listasafnarnesinga.is



Bókasafnið í Hveragerði



Streita og lífstíll

Íhraða okkar samfélags virðist streita verða of mikil hjá sumum. Streita í hæfilega miklu magni getur verið hjálpleg til að koma hlutum í verk en ef hún verður of mikil eða langvarandi getur hún orðið heilsuspillandi.

Við streitu kviknar á frumstæðu viðvörðunarkerfi í líkamnum, kerfi sem oft er kallað flóttu og forðunarviðbragð og er til þess fallið að gera okkur hæfari til að takast á við hættur umhverfisins. Í dag er þó yfirleitt ekki aðstæður sem ógna lífi okkar eða limum heldur aðstæður sem eru krefjandi eða óþægilegar en virkja samt þetta frumstæða viðbragð. Í slíkum aðstæðum eru þessi viðbrögð ekki hjálpleg og ef þau virkjast oft og lengi geta þau orðið skaðleg líkama okkar og valdið sjúkdómum. Þess vegna er mikilvægt að kunna aðferðir sem draga úr streitu í daglegu lífi.

Slökun - Lærðu árangursríkar aðferðir til að slaka á og notaðu þær reglulega. Hægt er að hlusta á slökunaræfingar auk þess sem ýmis smáforrit eru til með aðferðum til að koma ró á huga og líkama. Passaðu upp á að fá nægan svefn, það er grundvallaratriði.

Hreyfing: Fáðu þér göngutúr í hádeginu, skreptu í sund eftir vinnu eða taktu á því í ræktinni. Skráðu þig á dansnámskeið. Hreyfing er frábær leið til að fá útrás, losa um spennu og auka vellíðan.

Samvera: Hittu vin yfir kaffibolla, leiktu við barnið þitt eða horfðu á mynd með fjölskyldunni. Góðar samverustundir með þeim sem þér líður vel með eru afslappandi og auka vellíðan.

Daglegar ánægjustundir:

Passaðu að dagleg rútína innihaldi ekki aðeins skyldur og kröfur heldur einnig ánægjustundir. Það þarf ekki að vera tímafrekt, dýrt eða flókið að finna stundir til að njóta lífsins, t.d. að fara aðeins út og anda að sér fersku lofti, setjast á bekk og virða fyrir sér mannlífið, eiga náðuga stund með góðri bók eða sjónvarpsþætti eða njóta þess að borða góðan mat í hádeginu.

Endurmat á viðhorfum: Stundum höfum við tamið okkur viðhorf, venjur og viðbrögð sem gera ekkert annað en að auka á streitu okkar. Taktu eftir því hvaða viðhorf, venjur og viðbrögð þú hefur sem eru þess virði að endurskoða. Mundu, að það er sífellt verið að selja okkur að okkur vanti eitt-hvað í okkar líf, við séum ekki nóg með það sem við höfum.

Draga úr áreiti: Íhugaðu hvaða aðstæður eða áreiti valda þér streitu og veltu fyrir þér hvort ekki megir fækka þeim. Hefurðu tök á að fara heim úr vinnu á öðrum tíma en háannatíma í umferðinni? Geturðu keypt í matinn þegar færri eru í búðinni? Ertu í miklum samskiptum við fólk sem tekur frá þér orku en gefur lítið í staðinn? Eru snjalltæki streituvaldur fyrir þig?

Núvitund: Núvitund er leið til að efla vellíðan með því að beina athygli að líðandi stund og finna betur fyrir sjálfum sér, hugsunum sínum og líðan. Þetta er þjálfað með einföldum æfingum sem snúa að markvissri þjálfun athyglinnar. Æfingin felst í því að skynja það sem er að eiga sér stað milliliðalaust og án þess að dæma eða þvinga eitthvað fram. Þetta er æfing í því að vera til staðar hér og nú, sleppa takinu og sættast við það

sem er. Hægt er að finna núvitundaræfingar af ýmsum toga á netinu, í smáforritum, bókum og námskeiðum. Á heilsuvera.is er hægt að finna einfaldar núvitundaræfingar.

Tíma- og verkefnastjórnun: Lærðu gagnlegar aðferðir við að skipuleggja vinnu og tíma. Það er góð venja að gera verkefnalista yfir það sem þarf að gera að morgni dags eða daginn áður og forgangsraða verkefnum. Þá hefurðu yfirsýn og getur tekist á við verkefni á skipulagðan hátt.

Fækka verkefnum: Stundum er ekki nóg að forgangsraða eða skipuleggja verkefni því það eru einfaldlega of margir boltar í loftinu í einu. Undir slíkum kringumstæðum er mikilvægt að átta sig á því að það þarf að fækka verkefnum eða fá aðstoð ef ástandið á að skána.

Leita eftir faglegri aðstoð: Ef streita er mikil eða langvarandi, ef þú býrð við aðstæður sem þér finnst erfitt að ráða við eða finnur fyrir kvíða, depurð eða vonleysi er mikilvægt að leita sér aðstoðar. Pantaðu tíma á heilsugæslustöðinni þinni og ræddu þessi mál við fagaðila.

Pistillinn er birtur í tengslum við Forvarnarviku HSU þar sem í ár er lögð áhersla á streitu og lífstíl.

Bjarnheiður Böðvarsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Auglýsing um skipulag

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti þann 24. nóvember eftirtaldr skipulagstillögur til auglýsingar í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru:

Deiliskipulagstillaga fyrir Bakka 2 í Ölfusi
Tillagan skilgreinir lóð sem er hluti af landinu Bakka 2 vegna fyrirhugaðra landskipta í samræmi við fyrri samþykkt skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss. Nýja lóðin fær nafnið Bæjarbrún.

Deiliskipulagstillaga fyrir Þórustaðanámu í Ölfusi
Deiliskipulagstillagan er í samræmi við nýsamþykkt aðalskipulag sveitarfélagsins og skipulagslýsingu sem var samþykkt til auglýsingar í mars á síðasta ári. Deiliskipulagið skilgreinir hámarksefnistökumagn, stækkun efnistökusvæðis og iðnaðarsvæði við námuna.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 30. nóvember 2022 til 12. janúar 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 12. janúar 2023 eða með bréfpósti á skipulagsfulltrúa, bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Eftirtalin skipulags- og matslýsing var samþykkt til kynningar í bæjarstjórn Ölfuss þann 24. nóvember, í samræmi við 1. málsgrein 30. greinar og 1. málsgrein 40. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og matslýsing fyrir aðal og deiliskipulagsbreytingu vegna Núpanámu
Umfangi skipulagssvæðisins er breytt og efnismagn aukið. Til stendur að nýta efni úr námunni við næsta áfanga Suðurlandsvegar framhjá Hveragerði. Í gildi er deiliskipulag fyrir námuna sem einnig stendur til að breyta til samræmis við þá aðalskipulagsbreytingu sem fyrirhuguð er.

Lýsingin verður til sýnis á bæjarskrifstofunni, Hafnarbergi 1, dagana 30. nóvember til 14. desember 2022. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 14. desember 2022 eða með bréfpósti á skipulagsfulltrúa, bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss



FRÁ ÁRBORGARPRESTAKALLI

Verið öll hjartanlega velkomin til hátíðlegra samverustunda á öðrum sunnudegi í aðventu, 4. desember.

Messa í Selfoskirkju kl. 11.

Arnaldur Bárðarson þjónar fyrir altari og prédikar. Félagar úr Unglingakór og Kirkjukór Selfoskirkju leiða söng við undirleik Edit Molnár.

Aðventukvöld í Eyrarbyggðakirkju kl. 20

Guðmundur Brynjólfsson djákni leiðir stundina og flytur íhugun. Kirkjukór Eyrarbyggðakirkju syngur við undirleik Hauks Arnars Gíslasonar.

Aðventukvöld í Hraungerðiskirkju kl. 20

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar fyrir altari. Kirkjukór Hraungerðiskirkju leiðir sönginn við undirleik Guðmundur Eiríkssonar.

Verið einnig velkomin í sunnudagaskólann í Selfoskirkju kl. 11.



JÓLASAGA DAGSKRÁRINNAR OG BÓKAKAFFISINS

Fjölmargar jólasögur bást Dagskránni í fyrra. Nú á að endurtaka leikinn. Sagan þarf að vera örsaga, 500 – 1000 orð og umfjöllunarefnið þarf með einhverjum hætti að tengjast jólnum. Allir aldurshópar eru velkomnir til þess að taka þátt. Verðlaunin eru **vegleg bókaþöf** frá Bókakaffinu og sagan verður birt í jólablaði Dagskrárinnar.

Sendu okkur söguna, ásamt nafni og síma, á dfs@dfs.is, merkt „Jólasagan mín“, og þú ert komin(n) í pottinn!

**Senda þarf myndina inn fyrir
sunnudaginn 11. desember 2022.**



Íþróttir

Pláss fyrir íþróttir í Árborg

Miklar breytingar hafa orðið á Selfossi síðastliðinn áratug eða svo. Íbúafjöldi hefur aukist hröðum skrefum, svo hratt að innviðir hafa vart við. Við val á búsetusvæði líta fjölskyldur meðal annars til þess fjölbreytta og öflugra íþróttastarfs sem fer fram á svæðinu fyrir börn og ungmenni. Mikill hugur hefur verið í bæjarstjórn að styðja við íþróttastarf í sveitarfélaginu enda mikilvæg forvörn sem eflir æskuna í að finna sér farsælan farveg í frístundum og stundum líka atvinnu.

Það íþróttafélag sem hefur lengst starfað á svæðinu heitir hestamannafélagið Sleipnir og var það stofnað 12. júní 1929. Í dag er hestaíþróttin mikið fjölskyldusport sem spannar iðkendum frá smábörnum til eldri borgara, tómstundapjálfunar til heimsleika.

Í upphafi var athafnasvæði félagsins við miðbæ Selfoss en hefur verið fært tvisvar sinnum frá stofnun, fjær íbúabyggð. Hestaíþróttasvæðið er í dag staðsett við bæjarmörkin austanverð, við Gaulverjabæjarveg. Á þessum tíma hefur afar margt breyst, m.a. það að við viljum hafa íþróttasvæði í seilingarfjarlægð og skipuleggja þannig að börn og unglingar geti helst gengið eða hjólað til að stunda sína íþrótt. Við höldum færri hross og leggjum meiri tíma í hvern hest. Þjálfunartímabilið hefur lengst og nær nú yfir allt árið.

Hestaíþróttin er flókin að því leiti að knapi og hestur er þar sem þarf hvort tveggja að vera í þjálfun og vinna sem ein heild í þjálfun keppni. Þjálfunarsvæði fyrir hestaíþróttir eru reiðhallir, keppnisvallasvæði og síðast en ekki síst reiðvegir, sem lagðir hafa verið af reiðveganefnd félagsins í gegnum áratugin. Fjármögnun reiðvega byggir á framlagi frá Vegagerðinni, Landssambandi hestamannafélaga og sveitarfélögum. Hjá Sleipni er öflug reiðveganefnd sem hefur nýtt reiðvegafé afar vel með sjálfbærðastarfi og notkun á eigin vélakosti í gegnum tíðina.

Allir sem stunda hestamennsku á Íslandi vita að reiðvegir eru lífæð íþróttarinnar og afar mikilvægt að hafa leiðir frá hesthúshverfum sem fjölbreyttastar. Hesthúshverfi eru séríslenskt fyrirbæri sem styðja við öflugt félagsstarf þar sem rúmast bæði atvinnuknappar, barna og unglingastarf og tómstundareidmennska fjölskyldna og einstaklinga. Íþróttin skapar



sveitarfélaginu tekjur með fasteignagjöldum af hesthúsum auk viðskipta sem tengjast sportinu og þeim fyrirtækjum sem þjóna hestafólki, dýralæknar, járníngafólk, söðlasmiðir, byggingavörverslanir og svo má lengi telja. Útreiknað verðmæti hestaíþróttarinnar á landsvísi er talið í milljörðum fyrir þjóðarþúið.

Skipulagsyfirlönd á höfuðborgarsvæðinu hafa á síðasta áratug eða svo, horfið frá þeirri stefnu að færa svæði hestaíþróttarinnar á landsvísi er talið í milljörðum fyrir þjóðarþúið.

Í dag eru bestu reiðleiðir og þjálfunarsvæði í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu enda nokkur hestamannafélög sem hafa m.a. unnið að því að tengja leiðir milli sveitarfélaga íþróttinni og þeim sem hana stunda, til hagsbóta.

Bæjarstjórnir síðustu ára í Árborg hafa gefið út sinn vilja til að íþróttasvæði hestamanna á Selfossi fái að dafna þar sem það er staðsett og vinnur með félaginu að því að tryggja betur öryggi knapa og hesta á þeim reiðvegum sem liggja að hesthúshverfinu, meðfram Gaulverjabæjarvegi og yfir veginn inn í Flóahrepp. Horfið hefur verið frá þeirri stefnu að færa athafnasvæði undir hestaíþróttir stöðugt fjær byggð og frekar horft til þess að skipuleggja þannig, að hestaíþróttir geti notið sín með íbúabyggð eins og aðrar íþróttir.

Hestamannafélagið Sleipnir horfir til þess að vaxa yfir í Flóahrepp, yfir Gaulverjabæjar-

veg og hefur sveitarstjórn Flóahrepps tekið vel í hugmyndir um að breyta aðalskipulagi til að styðja við þessa þróun. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerð og Flóahreppi hafa verið tryggð undirgögn undir þjóðveg nr. 1 þegar ný brú verður risin yfir Ölfusá og framkvæmdir við veginn í austurátt koma til framkvæmdar. Með þessum undirgöngum og tengingu við reiðleiðir norðan þjóðvegarsins opnast möguleikar fyrir öruggar reiðleiðir. Í dag búa knapar við umferðarhættu sem fylgir ört vaxandi umferð um Gaulverjabæjarveg en samþykkt hefur verið að lækka umferðarhraða niður í 50 km/klst frá hringtorgi við Bónus að Suðrhólavegi. Fyrir liggur að setja þrengingu á Gaulverjabæjarveginn þar sem knapar ríða yfir til að tryggja enn betur öryggi þeirra. Hér er um lágmarks aðgerðir að ræða sem miða að bættu öryggi og framundan að vinna í frekari bætingu á öryggi þeirra sem um reiðvegina fara.

Á síðustu 15 árum hefur reiðleiðum verið lokað í kjölfar skipulagsvinnu þar sem ekki var gert ráð fyrir þeim reiðleiðum sem voru fyrir eða fyrirhugaðar. Það er okkar von að sú farsæla þróun sem orðið hefur í skipulagsmálum í kringum hesthúshverfin á höfuðborgarsvæðinu og reiðvegina þar, skili sér hingað austur. Í stað þess að fella út þessi íþróttamannvirki verði skipulagt með þau í huga og þannig byggt undir betra mannlíf á svæðinu með tillitssemi vegfarenda í forgrunni.

Sigríður Magnea
Björgvinsdóttir
Formaður Hestamannafélagsins
Sleipnis

Sunnlenskar stelpur í körfubolta

Körfubolti er vaxandi íþrótt á Suðurlandi og ánægjulegt frá að segja að það er hjá bæði strákum og stelpum. Á Suðurlandi eru fjögur meistaraflokkslið karla sem spila í tveimur efstu deildum Íslandsmótsins en aðeins eitt kvennalið, sem spilar í 1. deildinni og ber nafnið Hamar-Þór. Þess ber að geta þó um sameiginlegt lið Hamars og Þórs er að ræða þá er það byggt upp af ungum og efnilegum sunnlenskum stelpum sem hafa spilað saman í gegnum yngri flokka og hluti þeirra státar af því að hafa orðið Íslandsmeistarar í 10. flokki vorið 2020.

Þetta kvennastarf er bæði

merkilegt og ekki síður samfélagslega mikilvægt. Starfið er kostnaðarsamt og ekki mögulegt án öflugra stuðningsaðila, bæði fyrirtækja og sveitarfélaga. Um leið og við þökkum þeim sem styðja við starfið þá hvetjum við aðra að taka þátt í að byggja upp öflugt sunnlenskt kvennalið til framtíðar. Einnig hafa Hamar-Þórs stelpurnar staðið sig virkilega vel í fjórðflunum og eru þær þessa dagana í fjórðflunarverkefni í samstarfi við sælgætisgerðina Freyju og eru að selja fallegar hátíðaröskjur með úrvali innpakkaðra Freyju-mola sem henta vel sem gjafir fyrir starfsfólk fyrirtækja og

viðskiptavini. Þessar öskjur fást ekki í verslunum og því hvetjum við Sunnlendinga, bæði einstaklinga og fyrirtæki, að styðja við stelpurnar og panta hjá þeim öskjur eða styðja þær með öðrum hætti. Allur stuðningur er vel þeginn.

Upplýsingar um starfið og fjáraflanir má finna á Facebook-síðu liðsins „Hamar-Þór Körfubolti“. Þar er líka hægt að panta hátíðaröskjurnar eða senda pöntun á netfangið hamar-thorkvk@gmail.com.

Áfram stelpur í íþróttum, áfram sunnlenskar stelpur!

Meistaraflokksráð
Hamars-Þórs



Stjórn

Félags eldri borgara Selfossi

AÐVENTUHÁTÍÐ FEBSEL

Miðvikudaginn 7. desember 2022 kl. 14:00 á Hótel Selfossi

Dagskrá:

- Hugvekja, séra Dagur Fannar Magnússon í Skálholti
- Söngur, Barna- og unglingakór Selfoskirkju undir stjórn Edit A. Molnár
- Leiklestur, LEIKHÓPURINN OKKAR sem Magnús J. Magnússon stýrir
- Söngur, Hörpukórinn undir stjórn Stefáns Þorleifssonar
- Kynnir: Valdimar Bragason

Veitingar: Kaffi, te, skinkubrauðterta, rækjubrauðterta, súkkulaðikaka, kleinur og volg eplakaka með rjóma, verð 3.200 krónur.



Jólamyndakeppni Dagskrárinnar

Í samstarfi við Origo og Blik ljósmyndaklúbb

Sendu okkur **jólamynd** og þú gætir unnið glæsileg verðlaun!

Sigurvegarinn fær að verðlaunum glæsilega **Canon EOS M50 Mark II** myndavél frá Origo ásamt því að fá sigurmyndina birta á forsíðu **jólablaðs Dagskrárinnar** 15. desember nk. Einnig ætla Blik ljósmyndaklúbbur að verðlauna efstu þrjár myndirnar með **ársaðild að klúbbnum**.

Sendu okkur myndina, ásamt nafni og síma, á dfs@dfs.is, merkta „Jólamyndin mín“, og þú ert komin(n) í pottinn!

Senda þarf myndina inn fyrir sunnudaginn 11. desember 2022.



Canon EOS M50 Mark II

spegillaus myndavél með EF-M 15-45mm linsu

Búðu til töfrandi efni og segðu heiminum þína sögu með þessari vel tengdu og afar nettu Canon EOS myndavél. Skjóttu framúrskarandi ljósmyndir og vídeó og streymdu beint hvaðan sem er þar sem er Wi-Fi. Fangaðu hágæða efni með þessari 24.1 megapíxla, 4K spegillausu myndavél með stórra APS-C myndflögu. 4K myndavél sem er frábær fyrir videóblogg og gerir beinar útsendingar auðveldar með YouTube live streaming og hreyfanlegum snertiskjá sem hægt er að snúa í 180 gráður.



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi.

1. Deiliskipulag Heiðarbrún 6-6b

Bæjarstjórn Árborgar samþykki á fundi sínum 21. nóvember 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu að Heiðarbrún 6-6b Stokkseyri. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að lóðin Heiðarbrún 6, sem er 852m² að stærð, verði parhúsaloð (6-6b), og og að heimilt yrði að byggja parhús. Húsið verður á einni hæð með risi. Hámarksvegghæð allt að 3,0m og mænishæð allt að 5,0m. Nýtingarhlutfall allt að 0,2.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting liggur frammí til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillagan er auglýst með athugasemdafresti frá 30.11.2022 til og með 11.01.2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 11.01.2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

Hjúkrunarfræðingur



Kirkjuhvoll, hjúkrunar- og dvalarheimili, staðsett á Hvolsvelli óskar efir að ráða hjúkrunarfræðing í framtíðarstarf. Starfshlutfall er 50-100% eða samkvæmt samkomulagi. Mikilvægt er að viðkomandi hafi áhuga á að vinna með öldruðum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Fagleg vinna hjúkrunarfræðings á hjúkrunarheimili.
- Skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferðir
- Leiðbeinir nemum og nýju starfsfólki
- Þróun og þátttaka í þverfaglegu starfi og faglegri uppbyggingu
- Hefur eftirlit með gæðum hjúkrunarþjónustunnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Hjúkrunarfræðimenntun, íslenskt starfsleyfi er skilyrði.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og jákvæðni
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Sambands íslenskra sveitafélaga. Umsókninni þarf að fylgja staðfestar upplýsingar um menntun, starfsleyfi og fyrri störf. Umsóknarfrestur er til og með 15.12.2022. Umsóknnum og fylgiskjöllum skal skilað rafrænt á netfangið sjofn@hvolsvollur.is. **Nánari upplýsingar** veitir Sjöfn Dagmar Guðjónsdóttir, hjúkrunarforstjóri sjofn@hvolsvollur.is

Kirkjan tekur vel á móti þér

Nú er allt kirkju- og safnaaðarstarf Selfosskirkju að taka á sig eðlilega mynd að nýju. Í haust hefur æskulýðsfulltrúi kirkjunnar, Sjöfn Þórarinsdóttir skipulagt og undirbúið mjög fjölbreytt starf fyrir börn og unglinga. Hefur það skilað góðri þátttöku í æskulýðsstarfið. Þá hafa barna- og unglingakórar kirkjunnar farið vel af stað undir stjórn Edit A.Molnár og Kolbrúnar Berglindar Grétarsdóttur. Haldið var kóránámskeið fyrir byrjendur og fram undan eru mjög krefjandi og áhugaverð verkefni hjá báðum kórnum. Í Kirkjukór Selfoss eru yfir 40 söngvarar og þó nokkuð af nýju fólki, kórin syngur í öllum messum og öðrum athöfnum í kirkjunni. Þann 10. desember nk. verða sérstakir jólatónleikar með Sinfóníuhljómsveit Suðurlands þar sem allir kórar kirkjunnar koma fram. Verður hér um einstaklega áhugaverðan viðburð að ræða þar sem um 135 manns munu koma fram. Eitt af nýjum verkefnum kóranna og söngstjórans er að standa fyrir opnum söngstundum í kirkjunni þar sem almenningi gefst tækifæri á að syngja hver með sínu nefi. Skemmtileg nýbreytni sem mælist vel fyrir, góð mæting var í þau tvö skipti sem haldin hafa verið.

Gestkvæmt í Selfosskirkju

Í vor komu í heimsókn sóknarnefnd, starfsfólk og prestar Keflavíkurkirkju, ásamt mökum, samtals um 45 manns. Var hér um að ræða gagnkvæma heimsókn, en fyrir covid árið 2019 fór sóknarnefnd Selfosskirkju, prestar, starfsfólk og makar í heimsókn til Keflavíkur. Tilgangurinn með svona heimsóknum er að kynnast fólki



Sr. Guðbjörg Arnardóttir sóknarprestur ásamt Sr. Erlu Guðmundsdóttur og sr. Fritz Má Jörgenssyni, prestum í Keflavíkurkirkju



Sr. Arnaldur Bárðarson prestur ásamt nýjum meðhjálparum, Anna Margrét Magnúsdóttir og Guðmundi Ármanni Péturssyni.



Kirkjukór Selfosskirkju

inu sem vinnur að málefnum kirkjunnar, skoða aðstæðu og kynnast verklagi. Mjög gefandi og gagnleg samskipti. Í haust kom Biskup Íslands, sr. Agnes Sigurðardóttir í heimsókn ásamt fylgdarliði. Var hér um að ræða svo kallaða vísitásiu þar sem biskup ásamt prófasti, sr. Halldóru Þorvarðardóttur funduðu með sóknarnefnd, skoðuðu aðstæður og tóku þátt í messu safnaðarins. Var öllum kirkjugestum boðið í gúllassúpu eftir messu. Biskup var ánægður með móttökurnar og lýsti yfir ánægju sinni með starfið í Selfosskirkju. Eftir hefur verið til þriðjudags-samveru í kirkjunni þar sem einstaklingar koma og segja sína sögu, skemmtileg og notaleg stund sem mælist vel fyrir.

Nýr kirkjugarður í sjónmáli

Núverandi kirkjugarður er öðum að ljúka hlutverki sínu og alveg ljóst að innan ekki margra ára verður nýr kirkjugarður að koma til. Sóknarnefnd hefur þegar vakið athygli bæjaryfirvalda á að undirbúa svæði fyrir nýjan kirkjugarð. Núverandi hluti kirkjugarðsins í Fosslandi var tekin í gagnið 29. júlí 2012,

hann gerði ráð fyrir 884 kistugrafreitum og 332 duftkersgrafreitum. Að meðaltali eru um 50 jarðsetningar á ári sem segir að innan tíu til fimmtán ára verður núverandi kirkjugarður langt kominn. Að fengnum upplýsingum frá kirkjuverði eru 460 kistugrafreitir og 272 duftkersgrafreitir eftir. Samkvæmt lögum leggur sveitarfélagið til land undir kirkjugarð, vítað er að til skoðunar er samstarf við Flóahrepp um stækkun Laugar-dælakirkjugarðs.

Velkomin í Selfosskirkju

Það hefur verið ánægjulegt til þess að vita að kirkjusókn í Selfosskirkju hefur alltaf verið góð og hefð fyrir því í gegnum árin. Afleiðingar af covid höfðu sín áhrif um tíma, en nú eru vonandi betri tímar fram undan. Eins og áður verða messur alla sunnudaga, þrjár messur kl. 11 og ein kvöldmessa. Ég get staðfest að starfsfólk Selfosskirkju, prestar og sóknarnefnd biður allt fólki velkomið í kirkjuna til að njóta góðrar samverustundar saman. Gleðilega aðventu.

Björn Ingi Gíslason, formaður sóknarnefndar



Heimsókn frá Keflavíkurkirkju



Biskup Íslands sr. Agnes Sigurðardóttir ásamt prestunum sr. Arnaldi Bárðarssyni, sr. Gunnari Jóhannessyni, sr. Axel Á Njarðvík, Edit Molnár organista, Vilhjálmí Eggertssyni meðhjálpara og Birni Inga Gíslasyni, formanni sóknarnefndar



Skógræktarfélag Árnesinga
auglýsir jólatréssölu á
Snæfoksstöðum í Grímsnesi.
Skemmtileg samverustund
þar sem m.a er hægt að fá
kakó og lummur.
Opnunartímar fyrir jól eru
sem hér segir:
Laugardaga og sunnudaga
fram að jólum klukkan 11-16.
Vikan 19.-23.desember
klukkan 11-16.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Fjölskyldulistasmiðja á Listasafni Árnesinga



Hjónin Myrra Rós og Júlíus Óttar, fólkið á bak við Fjaðrafok á Stökkseyri, halda smiðju á Listasafni Árnesinga 3. desember frá kl: 13-15. Í smiðjunni verður gert fallegt jóla-gluggaskraut úr uppnýttum spón og gullnum hringjum. Hver þátttakandi fær hring og efnivið til að vinna sitt skraut.

Ókeypis og allt efni er innifalið.

Takmörkuð pláss og skráning er nauðsynleg:
fraedsla@listasafnarnesinga.is

Barnamenningarsjóður styrkir Smiðjuþræði.



ÚTBOÐ

Hveragerðisbær óskar eftir
tilboðum í verkið:
Breiðamörk 2022.



Verklök eru 1. júní 2024
Verkið felur í sér gerð á nýjum götum, Álfafelli 1-5 og 6-11, í Hveragerði ásamt lagningu fráveitustofns aftan við lóðir við Álfafell, Breiðamörk og Friðarstaði. Einnig skal leggja hitaveitu frá Bláskógum, upp Þverhlíð, að Breiðumörk, eftir Breiðumörk ásamt vatnsveitu að hluta að gatnamótum að Gufudal. Auk þess skal leggja fjarskiptalagnir og raflagnir í nýjar götur og með Breiðumörk.

Verktaki skal jarðvegsskipta götustæði samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag, burðarlag, malbika götur og gangstéttar ásamt því að steypa kantstein. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, reisa ljósastaura, leggja ljósastaurastreng og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annara veitulagna.

1. áfanga skal lokið fyrir 15. júlí 2023

2. áfanga skal lokið fyrir 1. júní 2024

Helstu magntölur eru:

Gröftur	7700 m ³
Styrktarlag og fylling í lagnaskurði	8950 m ³
Fráveitulagnir	860 m
Vatnsveitulagnir	700 m
Hitaveitulagnir	1854 m
Ljósastaurar	26 stk

Útboðsgögn verða afhent rafrænt frá og með þriðjudeginum 29. nóvember 2022. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð hjá EFLU á Suðurlandi með tölvupósti, á netfangið bardur.arnason@efla.is, og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang, og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti. Tilboðum skal skila á skrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði, fyrir kl. 11:00 þann 14. desember 2022, og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

VERO MODA VILA name it
JACK&JONES SELECTED



bestseller.is

Vönduð föt á frábæru verði fyrir alla fjölskylduna.

FRÍ SENDING Á PÖNTUNUM YFIR 10.000 KR.





Notaleg Jól í Árborg

Tónleikar, handverksmarkaðir, jólaglugginn og koma jólasveinanna í Miðbæ Selfoss er einungis brot af þeim viðburðum sem í boði verða yfir jólahátíðina í Árborg í ár.

Í ár er dagskráin þétt í öllu sveitarfélaginu. Fjöldi tónleika verða í Miðbæ Selfoss og annað árið í röð býður Jólartorgið á Eyrarbakka upp á handverksmarkað, tónlist og ýmislegt fleira. Hátíðardagskráin hófst í lok nóvember, þegar jólaljós voru tendruð í miðbæ Selfoss. Síðustu helgi opnaði Jólartorgið á Eyrarbakka og ljósin voru kveikt á jólatrjánum á Stokks-eyri og Eyrarbakka samkvæmt venju á fyrsta sunnudegi aðventunnar.

Í dag, 1. desember, opnum við fyrsta Jólagluggann hjá bókasafni Árborgar á Selfossi og verður nýr gluggi opnaður á hverjum degi víðsvegar um sveitarfélagið fram til 24. desember. Einnig hefst söfnun fyrir Sjóðinn góða og alþjóðleg herferð Amnesty International á bókasafninu þann 1. desember.

Næstu vikurnar verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla aldurshópa, svo sem tónleika í miðbæ Selfoss þar sem meðal annars Alexander Olgeirs, Stefania Svavars, Davíð, Jón Jónsson, Lóurnar, Þórir Geir, Fannar Freyr, Helga Möller og fleiri spila jóla-lög fyrir gesti og gangandi. Einnig verða tónlistaratriði á Jólartorginu á Eyrarbakka og í Sundhöll Selfoss, sem orðinn er árlegur viðburður og fastur liður í jólaslökun margra.

Við hvetjum alla íbúa til að kynna sér viðburðadagatal sveitarfélagsins sem og samfélagsmiðla, þar sem að nýjir viðburðir geta óvænt birst. Facebook-jóla-síða sveitarfélagsins er „Jól í Árborg“

Sveitarfélagið vill einnig benda á að áramótabrennan á Selfossi verður á brennustæðinu í Gesthúsum og hefst kl. 20:00, laugardaginn 31. desember. Flugeldasýning Björgunarfélags Árborgar hefst kl. 20:15.

Að lokum viljum við minna alla „samfélagsmiðlara“ á að nota #jolarborg þegar þeir deila myndum.

Eldfjallaleið í þróun hjá Markaðsstofu Suðurlands og Markaðsstofu Reykjaness

Markaðsstofur Suðurlands og Reykjaness hafa tekið höndum saman um að setja á laggirnar ferðaleið um suðurströnd Íslands sem leggur áherslu á eldfjöll og eldvirkni á svæðinu.

Ferðaleiðin, sem ber vinnuheitið Eldfjallaleiðin (The Volcanic way), er ætluð sem verkfæri heimamanna til þess að leiða framþróun í ferðaþjónustu ásamt að draga fram núverandi innviði. Með því að stofna slíka ferðaleið sjáum við fyrir okkur að fá ferðamenn sem dvelja lengur og tengja betur við náttúru og samfélag.

„Nákvæmlega hvernig skal ferðast þessa leið, með hvaða áföngum og lykil aðráttarafi, er nokkuð sem við ætlum að skoða í sameiningu á vinnustofum sem fara fram á næstu vikum. Eldvirkni er nokkuð sem greinir þessa landshluta frá öðrum, og þema sem ferðaþjónustuaðilar á þessu svæði geta tengt sig við á einhvern hátt.“ Segir Vala Hauksdóttir sem er annar verkefnastjóra ferðaleidarinnar og bætir við að leiðin sé ný ferðaleið sem fylgir ströndinni frá Reykjanessbæ til Hafnar í Hornafirði.

Vill lengja dvöl ferðamanna á svæðinu

Vala segir að við vinnslu áfangastaðaaætlunar Suðurlands hafi verið mikið ákall á aðgerðir sem laða að ferðamenn sem bera virðingu fyrir náttúru og samfélagi, og dvelja lengur. Markmið Eldfjallaleidarinnar sé að lengja dvöl ferðamanna á þessu svæði sem hingað til hefur einkennst af nokkuð hröðum túrismi. Þetta verður gert með því að draga fram þá þjónustu og staði sem við höfum nú þegar, og greina tækifæri á nýsköpun og uppbyggingu sem höfðar til þessara ferðamanna.

„Eldfjallaleiðin er fyrir fólk sem vill merkingarríka upplifun. Fólk sem vill upplifa og skynja náttúru og menningu frekar en að þjóta um landið og smella af sér sjálfsmýndum. Ef þú vilt njóta matar úr héraði, heyra sögur af landi og þjóð og velja gæða þjónustu og vörur, þá er Eldfjallaleiðin fyrir þig.“

Ferðaleiðin mótuð af íbúum svæðana

Það er í mörg horn að líta þegar svona ferðaleið er unnin og er sú vinna þrífætt í raun. „Fyrst þurfum við að skilgreina hvað Eldfjallaleiðin er. Hver eru okkar gildi og að hvernig ferðaþjónustu viljum við stuðla?“ segir Vala.

Á næstu dögum fara fram opnar vinnustofur á Reykjanesi og um vítt Suðurland þar sem Eldfjallaleiðin verður færð af hugmyndastigi yfir á hönnunastig.

Starfandi ferðaþjónustuaðilar, sveitarstjórnarfolk og aðrir áhugasamir íbúar eru sérstaklega hvattir til að sækja vinnustofurnar. Vala leggur áherslu á að þetta sé tækifæri til að móta í sameiningu hvernig ferðaþjónustu við viljum hafa í okkar nærumhverfi.

„Þegar við höfum sammælt um hver við erum og hvaða sögu við viljum segja, þá fyrst getum við farið í næsta fasa: Að segja heiminum frá. Miðla Eldfjallaleiðinni og gera fólki úti í heimi kleift að skipuleggja sína ferð um Eldfjallaleiðina. Síðasti þátturinn felst svo í að uppfylla þær væntingar sem við höfum skapað með Eldfjallaleiðinni og þess vegna er samvinna við nærsamfélagið órjúfanlegur hluti af þessari skilgreiningarvinnu“

Þegar Vala er spurð hvernig hennar draumaferð um eldfjallaleiðina hljómar er augljóst að um er að ræða spennandi valkost fyrir ferðafólk á öllum aldri.

„Leiðin er enn á hugmyndastigi og í höndum þeirra sem mæta á vinnustofurnar að skilgreina nánar hvernig er best að upplifa Eldfjallaleiðina. Ef ég ætti að ferðast leiðina í dag myndi ég taka með mér manninn minn og börnin. Taka bíla-leigubíl í Keflavík og dvelja á Reykjanesi tvo, þrjá daga til að skoða alla einstöku staðina sem svo fáir virðast vita af. Næst myndi ég upplifa jarðhitann í kring um Hengilssvæðið, baða mig í Reykjadal eða fara í helliferð. Ég myndi nota hvert tækifæri til að kíkja inn á söfn og sýningar á leiðinni svo ég þyrfti líklega tvo þrjá daga á



milli Hveragerðis og Hvals-vallar. Áður en ég héldi lengra austur myndi ég gista í Vestmannaeyjum. Næst tækju við nokkrir dagar í Kötlu UNESCO jarðvangi þar sem ég myndi skoða fossa og fjörur og upplifa náttúruna með lókal afþreyingarfyrirtæki. Næst tæki Vatnajökulsþjóðgarður við sem er á UNESCO heimsminjaskrá! Ef ég kæmi að sumri gæti ég farið í Ingólfshöfða en veturinn hefur sinn sjarma með íshella og jafnvel hreindýr ef heppnin væri með okkur. Á Höfn myndi ég svo slappa af í tvo þrjá daga, borða góðan mat og njóta mannlífsins. Svo yrði gaman að keyra til baka og upplifa það sem ég missti af á leiðinni, eflaust í öðru veðri og birtu. Auðvitað gæti ég valið að halda áfram hringveginn eða fljúga til baka ef frídagarnir yrðu á þrotum. Má bjóða einhverjum með mér í þessa ferð?“

Vinnustofur vítt og breitt um Suðurland

Markaðsstofa Suðurlands stendur fyrir opnum vinnustofum á eftirfarandi stöðum: Jarðhitasýningin í Helliðarvirkjun 28. nóv. kl. 10:00-12:00
Kötlusetur, Vík 29. nóv. kl. 10:00-12:00
Lava Centre, Hvals-velli 30. nóv. kl. 10:00-12:00
Hótel Skaftafell 7. des. kl. 14:00-16:00
Hótel Höfn 8. des. kl. 10:00-12:00
Reykjaness: Nánar auglýst síðar.

Skráning fer fram hér: <https://www.south.is/is/skraning-a-vinnustofur-eldfjallaleidarinnar>

Leikfélagið Borg

Sérsumaður Aladdin og töfralampinn í félagsheimilinu Borg

Næstu sýningar:

- 2. desember kl 20:00
- 3. desember kl 16:00
- 4. desember kl 16:00

Midapantanir í síma 611-9150 og á tix.is



Rithöfundar framtíðarinnar í Hveragerði

Eins og venjulega taka nemendur GÍH þátt í ensku smásagnakeppninni sem félag enskukennara á Íslandi heldur fyrir grunn- og framhaldsskóla landsins í tilefni af evrópska tungumáladeginum þann 26. september. Smásögurnar voru skrifaðar út frá enska orðinu „Power“, sem er þema keppinnar í ár.

Nemendur skrifuðu margar frábærar smásögur og verður úrval þeirra sett upp á sýningu á bókasafninu í Sunnumörk í aðventunni en auk þess verðlaunar skólinn sérstaklega þær 3 smásögur sem þóttu skara fram úr. Sigmar Karlsson stigsstjóri elsta stigs og Kolbrún Vilhjálmssdóttir

stigsstjóri miðstigs afhentu vinningshöfunum glæsileg bókaverðlaun og viðurkenningskjal og sendir skólinn þær smásögur áfram í landskeppnina.

Í flokknum 5. bekkur og yngri fengu eftirtaldir nemendur bækur úr bókaflokknum „Bear Grylls Adventures“: Haukur Kári Röðulsson, Hekla Sól Jóhannsdóttir og Snædís Freyja Stefánsdóttir.

Í flokknum 6. – 7. bekkur fengu eftirtaldir nemendur bækur eftir Roald Dahl: Hera Fönn Lárusdóttir, Árni Snær Jóhannsson og Dagbjört Fanný Stefánsdóttir.

Í flokknum 8. – 10. bekkur fengu eftirtaldir

nemendur bækur úr bókaflokknum „Harry Potter“: Elísa Sigurrós Guðmundsdóttir, Eva Rut Jóhannsdóttir og Kiefer Rahaad Arabiyat Bárðarson.

Við þökkum nemendum kærlega fyrir þátttökuna og óskum vinningshöfunum innilega til hamingju.

Bestu kveðjur frá enskudeildinni, Bryndís Valdimarsdóttir Laufey Heimisdóttir Ólafur Jósefsson



Listakvöld í Listasafni Árnesinga

Árleg jóladagskrá Bókasafnsins í Hveragerði og Listasafns Árnesinga verður haldin í listasafninu á fullveldisdaginn fimmtudaginn 1. desember kl. 20.

Þá munu rithöfundarnir Auður Ava Ólafsdóttir, Elísabet Jökulsdóttir, Guðrún Eva Mínervudóttir, Pjetur Hafstein Lárusson og Þorvaldur S. Helgason lesa úr nýútkomnum bókum. Tenórinn Eyjólfur Eyjólfsson mun flytja

nokkur lög og í listasafninu er sýningin Summa & Sundrun það sem áhorfendum gefst tækifæri á að ferðast um verk vídeó- og raflistarfrumkvöðlanna Gary Hill, Steinu og Woody Vasulka.

Það eru allir velkomnir á þessa aðventu- og fullveldis-hátíð sem styrkt er af Uppbyggingasjóði Suðurlands. Aðgangur er ókeypis og boðið verður upp á kaffi og piparkökur.



Jólabókaupplestur í Bókakaffinu

Einvalið mætir í Bókakaffið á Selfossi fimmtudagskvöldið 1. desember og les þar úr nýjum bókum. Húsið verður opnað kl. 8 og upplestur stendur frá 8:30 til 9:30. Einstök jólastemning með kakói og piparkökum.

Þeir sem lesa upp þetta fyrsta upplestrarkvöld eru: Elísabet Jökulsdóttir sem segir frá eigin bók Saknaðarilmi og nýútkominni ljóðabók Skáld-Rósu. Ög-

mundur Jónasson með bókina Rauða þráðinn. Óskar Magnússon sem segir frá bókum sínum Jagúar skáldsins og Leyni-viðauka 4. Jón Hjartarson með ljóðabók sína Lifað með landi og sjó. Ásdís Ingólfsdóttir sem kynnir þýðingu sína á bók Jonas Hassen Khemiri, Ég hringi í bræður mína.

Öll velkomin meðan húsrúm leyfir.



Proskapjálfi / Félagsráðgjafi óskast



Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu auglýsir laust til umsóknar starf proskapjálfa og/eða félagsráðgjafa í málaflokk fatlaðs fólks. Um er að ræða 50 – 100 % starfshlutfall. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri Félags- og Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu sem annast félags- og Skólaþjónustu sveitarfélaganna í Ásahreppi, Rangárþingi ytra, Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi. Skrifstofa félagsþjónustunnar er staðsett á Hellu. Í sveitarfélögunum búa u.þ.b. 5.300 manns. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og proskapjálfafélags Íslands, Félagsráðgjafafélags Íslands eða annara félaga sem við eiga.

Helstu verkefni:

- Umsjón og eftirlit með þjónustu sveitarfélagana við fötluð börn
- Sinnir ráðgjöf ásamt fræðslu, leiðsögn og stuðningi við þjónustunotendur og starfsmenn
- Hefur yfirlit yfir þjónustuþega og þá þjónustu sem veitt er og vinnur þjónustumat í samstarfi við aðra sérfræðinga
- Umsjón með SIS mati, samþættingu þjónustu, umönnunargreiðslum, þjónustu stuðningsfjölskyldna og þeirrar stoðþjónustu sem við á
- Tengiliður við greiningarstofnanir og aðra þjónustuaðila fatlaðs fólks
- Virk þátttaka í mótun verkferla
- Virk þátttaka í endurskoðun reglna

Menntunar og hæfnikröfur:

- Starfsréttindi sem proskapjálfi eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Skipulögð vinnubrögð og faglegur metnaður
- Þekking á málaflokknum, lögum og reglugerðum æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Launakjör eru samkvæmt samningum sambands íslenskra sveitarfélaga við þroskaþjálfafélag Íslands eða annara félaga.

Til greina kemur að ráða einstakling með aðra menntun sem nýtist í starfi ef engin proskapjálfi/félagsráðgjafi sækir um.

Umsóknarfrestur er til og með 19. desember 2022. Umsóknum skal skilað til Svövu Davíðsdóttur, framkvæmdastjóra félags- og skólaþjónustu í tölvupósti á svava@felagsmal.is með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf. Bæði karlar og konur eru hvött til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Svava Davíðsdóttir í síma 487-8125 eða á netfangið svava@felagsmal.is



Umsóknir og úthlutanir úr Sjóðnum góða 2022

Hægt verður að sækja um á netinu á þar til gerðu umsóknarblaði. Senda þarf tölvupóst á sjodurinnngodi@gmail.com og óska eftir að fá umsóknarblað sent. Útfyllt umsóknarblaðið ásamt fylgigögnum skal senda á sama netfang sjodurinnngodi@gmail.com.

Á umsóknardögum verður hægt að hringja í síma 840 4690, 840 4691, 840 4692 og sækja um símleiðis. Aðeins er tekið við umsóknum í síma á auglýstum umsóknartíma.

Þau sem ekki geta sótt um rafrænt eða símleiðis geta komið á umsóknardögum í Selið, Engjavegi 48 (við íþróttavöllinn).

Umsóknardagar eru:

Miðvikudagur 30. nóv. 13-15
Fimmtudagur 1. des. 13-15
Þriðjudagur 6. des. 16-18

Úthlutunardagur:

Mánudagur 19. des. 16-18
Þriðjudagur 20. des. kl. 13-15

Með umsókn þarf að senda / fylgja eftirfarandi gögn:

Allar tekjur okt. eða nóv. (Vinnulaun, tekjur frá Tryggingastofnun, fæðingarorlof, atvinnuleysisbætur.) Öll útgjöld okt. eða nóv. (leiga, afborganir lána og húsnæðis, rafmagn/hiti, útgjöld v.barna tryggingar ofl.)

Árðandi er að fylla umsóknir vel og rétt út og að skjöl fylgi með umsókn. Vinsamlegast virðið þessar dagsetningar og athugið að ekki er tekið við umsóknum eftir síðasta umsóknardag, hvorki rafrænt né í síma. Síminn er eingöngu opin á auglýstum umsóknartíma.



Samið um fjarheilbrigðisþjónustukerfi og samtengdan búnað

Þann 22. nóvember 2022 var undirritaður samningur við Öryggismiðstöð Íslands um kaup á mælitækjum og leigu á hugbúnaði fyrir fjarheilbrigðisþjónustu. Hugbúnaðurinn sem um ræðir kemur frá norsku heilbrigðistæknifyrirtæki og í honum er svokölluð stafræn heilsugátt sem sendir öll gögn í ský og gerir heilbrigðisstarfsfólki HSU kleift að sinna fjareftirliti með sjúklingum t.d. í heimahúsum.

Eftirlitinu er sinnt með skjáheimsóknum, spurningalistum og mælitækjum sem tengd eru við sjúkling og senda gögn beint í hugbúnaðinn. Í kerfinu er sett upp heilsuplan fyrir sjúklinga og kerfið greinir breytingar á heilsufari sjúklings. Þá fær starfsfólk tilkynningu frá kerfinu og bregst við. Markmiðið með kerfinu er að bregðast hratt við breytingum á heilsufari sjúklinga og draga úr frekari versnun með snemmtækri íhlutun. Kerfið býður einnig uppá notkun rafrænna lyfjaskammtara og eru þeir vaktadír í gegnum stafrænu heilsugáttina. Þetta er mikil tímamót og byltning í að bæta þjónustu HSU og efla nýja Öldrunar- og Heima-spítala þjónustu HSU og gera fólki kleift að vera sem lengst heima í sínu umhverfi með aðstoð tækninnar, hjúkrunarfólks og aðstandenda.

HSU

Jólaljósín tendruð á árbakkanum

Það var fjölmenni þegar ljósín voru kveikt á jólatrénu á árbakkanum á Hellu. Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri kveikti á trénu eftir að viðstaddir höfðu talið niður. Bræðurnir Kristinn Ingi og Gunnar Bjarki Guðnason léku jólalög fyrir viðstadda og stýrðu dansi í kringum jólatréð.

Jólasveinarnir voru töluvert fyrr á ferðinni en venja er enda voru þeir rammvilltir eftir að hafa lagt af stað úr Heklu eld-snemma einhvern morgunin í vikunni, í raun svo villtir að það þurfti að kalla út björgunarsveitina. Sem betur fer fann Elín Stolzenwald formaður björgunarsveitarinn þá ofarlega á Rangárvöllum en þá fréttu þeir að til stæði að kveikja á ljós-



unum á trénu á Hellu. Þeir létu greipar sópa í litlu lopasjoppunni í morgun og komu færandi hendi til krakkana eins og þeim

er von og vísa. Við þökkum þeim kærlega fyrir að koma til okkar.

RY



Nýr hjúkrunarforstjóri á Kirkjuhvoli

Sjöfn Dagmar Guðjónsdóttir hefur verið ráðin hjúkrunarforstjóri á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Kirkjuhvoli.

Sjöfn er með B.Sc. gráðu í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands og er með réttindi til að starfa sem slíkur. Einnig hefur hún lokið hluta meistaranáms í heilbrigðisvísindum með áherslu á stjórnun í heilbrigðisþjónustu frá Háskólanum á Akureyri. Sjöfn hefur starfað hjá Kirkjuhvoli síðastliðin fjögur ár, nú síðast í afleysingu í stöðu hjúkrunarforstjóra og áður sem hjúkrunarfræðingur á heimilinu. Í gegnum störf

sín á Kirkjuhvoli hefur Sjöfn öðlast yfirgrípsmikla reynslu af öldrunarmálum og hjúkrun aldraðra auk þess að hafa komist í kynni við stjórnun og rekstur heimilisins bæði sem hjúkrunarforstjóri í afleysingum og í gegnum meistaranám sitt. Áður starfaði Sjöfn í hálf ár í heimahjúkrun í Þýskalandi samhliða meistaranámi sínu og þar áður sem hjúkrunarfræðinemi og síðar hjúkrunarfræðingur hjá Landspítala Háskólasjúkrahúsi í þrjú ár.

Rangárþing eystra bíður Sjöfn velkomna til starfa og óskar henni velfarnaðar í starfi

Piparkökuhúsakeppni ungmennaráðs



Piparkökuhúsakeppni ungmennaráðs Grímsness- og Grafningshrepps fór fram fyrst sunnudag í adventu og tókst mjög vel til. Tæplega 70 manns mættu, skreyttu piparkökuhús og skemmtu sér vel. Húsin voru mjög fjölbreytt og öll svo flott og vel skreytt að starf dómnefndar var ekki öfundsvert. Til gamans voru veittar fimm viðurkenningar, fjórar fyrir hefðbundin hús og ein fyrir hús með frjálsri aðferð en aðeins eitt hús var í þeirri keppni. Ánægjan í samverunni og sköpunargleðin sem voru mest áberandi og allir fóru sáttir heim með fallegu húsin sín.

Ungmennaráð þakkar öllum sem komu og tóku þátt og eru spennt að endurtaka leikinn á næsta ári.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur,
Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt tillaga aðalskipulagsbreytingar, tillögu nýrra deiliskipulagsáætlana og skipulagslýsing eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Selhöfðar í Þjórsárdal; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting – 2106076

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2022 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæði í mynni Þjórsárdals. Innan svæðisins er gert ráð fyrir uppbyggingu á þjónustumiðstöð. Samhliða er lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til svæðisins. Í breytingunni felst að sett er inn nýtt verslunar- og þjónustusvæði VP26 og skógræktar- og landgræðslusvæðið SL17 minnkað samsvarandi. Felld er út aðkoma að Selfit og verður hún sameiginleg með aðkomu að þjónustumiðstöð við Selhöfða. Settur er inn nýr vegur frá þjónustumiðstöð að hóteli í Reykholti. Reidileið er færð nær Þjórsárdalsvegi á kafla en að öðru leyti er hún aðlöguð að nýjum vegi að Reykholti. Gert er ráð fyrir gönguleið frá afþreyingar- og ferðamannasvæði í Sandártungu (AF9) yfir VP26 og að afþreyingar- og ferðamannasvæði í Selfit (AF10).

2. Selhöfðar í Þjórsárdal; Þjónustumiðstöð; Deiliskipulag – 2110091

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2022 að kynna tillögu er varðar nýtt deiliskipulag að Selhöfðum í Þjórsárdal. Um er að ræða deiliskipulag sem tekur til ferðamannasvæðis í Sandártungu í Þjórsárdal á um 52 ha svæði þar sem m.a. gert er ráð fyrir þjónustumiðstöð sem þjóna muni öllum Þjórsárdal. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir þjónustumiðstöð, gistihúsi/smáhúsi, aðstöðuhúsi auk salernishúsa og spennistöðvar.

3. Borg í Grímsnesi; Vesturbýggð; Ný byggð á reit ÍB2, Í14 OG Í15; Deiliskipulag – 2210061

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til deiliskipulagningar á reitum ÍB2, Í14 og Í15 innan þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Deiliskipulagssvæðið tekur til svæðis vestan Skólabrautar á Borg og er um 16 ha að stærð. Skipulagssvæðið afmarkast af Biskupstungnabraut og fyrirhuguðu miðsvæði í suðri og suðaustri, tjaldsvæði og Skólabraut í austri og opnu svæði í norðri. Mörk svæðisins til vesturs ráðast af mörkum landeigna í eigu sveitarfélagsins.

4. Borg þéttbýli; Verslunar-, þjónustu- og íbúðalóðir við Miðtún; Deiliskipulag – 2210039

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Um er að ræða 6 nýjar verslunar- og þjónustulóðir þar sem á fjórum er heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Í skilgreiningu á miðsvæði kemur fram að gera megi ráð fyrir blöndu af verslun og þjónustu og einnig íbúðum, aðallega á efri hæðum húsa. Æskilegt er að atvinnustarfsemi geti þróast

innan svæðisins í bland við íbúðabyggð. Starfsemi á lóðunum getur verið af ýmsum toga og skal horft til skilgreiningar á miðsvæði og markmiða þessa skipulags þegar mat er lagt á það hvaða starfsemi hentar innan reitsins. Má þar nefna gistiheimili, veitinga- og menningartengdan rekstur, litlar verslanir með áherslu á framleiðslu úr héraði, handverksiðnað, smærri verkstæði, gallerí o.fl. Einnig er gert ráð fyrir eldsneytissölu og hleðslustöðvum fyrir rafbíla.

5. Borg í Grímsnesi; Borgarteigur; Íbúðarbyggð og hesthúsahverfi; Deiliskipulag – 2210030

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til Borgarteigar, landbúnaðarsvæðis við Minni-Borg golfvöll, Móafliot 1 og Móafliot 2-11. Svæðið er staðsett sunnan Biskupstungnabrautar og austan Sólheimavegar. Með nýju deiliskipulagi er afmarkað svæði fyrir 12 íbúðalóðir og hesthúsahverfi. Íbúðalóðir eru með rúmum byggingarheimildum og er heimilt að stunda þar léttan iðnað, skógrækt og húsdýrahald. Áhersla er lögð á góðar göngutengingar innan svæðisins og að helstu þjónustum sem þéttbýlið á Borg hefur upp á að bjóða. Gott aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda verður tryggt með hjóla- og göngustíg samhliða Sólheimavegi, milli Borgar og Sólheima.

Samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér tilkynnt um óverulega breytingu á aðalskipulagi:

6. Skyggir L197781; Breytt landnotkun; Óveruleg breyting á aðalskipulagi – 2208057

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. nóvember 2022 óverulega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem skilgreindur er verslunar- og þjónustureitur innan lands Skyggis. Skipulagsstofnun hefur veitt samþykki fyrir málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. Skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi þar sem viðkomandi heimildir fara að óverulegu leiti umfram núverandi heimildir vegna verslunar- og þjónustutengdrar starfsemi á landbúnaðarlandi.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

7. Lækjartún II L215415; Tengivirki; Deiliskipulagsbreyting – 2209081

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2022 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi í landi Lækjartúns II L215415. Með deiliskipulagsbreytingunni verður bætt við 5 lóðum austan við lóð tengivirkis. Á nýjum lóðum er heimilt að byggja upp hreinlegan orkufrekan iðnað. Með breytingunni stækkar skipulagssvæðið úr 11 flegla 2 ha í um 8 ha.

8. Vaðnes; Frístundabyggð; 3. áfangi; Deiliskipulag – 2204055

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember að auglýsa tillögu að nýju aðalskipulagi sem tekur til hluta frí-

stundasvæðis F26 innan aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 65 sumarhúsalóðum á 54 hektara svæði.

9. Bíldsfell I L170812; Frístundasvæði F20; Deiliskipulag – 2202010

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags í landi Bíldfells I. Í deiliskipulaginu felst skilgreining 30 frístundalóða á um 24,5 ha svæði merkt F20 innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

10. Skjaldborg og Kerling; Fjallasel; Deiliskipulag – 2211018

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2022 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi sem tekur til fjallaselsins Skjaldborgar og Kerlingar. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst staðfesting á núverandi landnotkun, auk þess að gera ráð fyrir stækkun núverandi skála og/eða byggingu nýs húss. Gisting getur verið fyrir allt að 40 gesti. Skipulagssvæðið er um tæpur 1,2 ha. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF8.

11. Gattellsskáli; Fjallasel; Deiliskipulag – 2211017

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2022 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi sem tekur til fjallaselsins Gattellsskála í Bláskógabyggð. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst staðfesting á núverandi landnotkun, auk þess að gera ráð fyrir stækkun núverandi skála og/eða byggingu nýs húss. Gisting getur verið fyrir allt að 20 gesti. Skipulagssvæðið er um tæpur 1 ha. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF8

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.asahreppur.is, www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.

Mál nr. 1-6 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 1. desember 2022 til og með 22. desember 2022. Mál nr. 7-11 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 1. desember 2022 með athugasemdafrest til og með 13. janúar 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
er opin fimmtudaginn
1. des. kl. 13:00-14:30.

OPIÐ HÚS

fim. 1. des. kl. 14:45.
Fullveldis- og hattapema
í tilefni dagsins. Gítardeild
Tónlistarskólans, Helgi og
Óli sjá um stemninguna.
Kaffi kr. 200
Kaffi og kökur kr. 1.500

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhalð • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarne@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhalð - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi laugardaginn
3. desember milli kl. 11:00
og 12:00 á Eyravegi 15,
Selfossi. Gestir eru þing-
menn Framsóknar í
Suðurbjörgdæmi, þau
Hafðís Hrönn Hafsteins-
dóttir og Jóhann Friðrik
Friðriksson.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bilamálun - Rúðuskipti



KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa í Selfosskirkju kl. 11.
Arnaldur Bárðarson þjónar fyrir
altari og prédikar. Félagar úr
Unglingakór og Kirkjukór
Selfosskirkju leiða söng við
undirleik Edit Molnár. Verið einn-
ig velkomin í sunnudagaskólann
í Selfosskirkju kl. 11.

Eyrarbyggakirkja
Aðventukvöld í Eyrarbyggakirkju
kl. 20. Guðmundur Brynjólfsson
djákni leiðir stundina og flytur
ihugun. Kirkjukór Eyrarbygg-
akirkju syngur við undirleik Hauks
Arnarrs Gíslasonar.

Hrungerðiskirkja
Aðventukvöld í Hrungerðiskirkju
kl. 20. Sr. Arnaldur Bárðarson
þjónar fyrir altari. Kirkjukór
Hrungerðiskirkju leiðir sönginn
við undirleik Guðmundur Eiríks-
sonar.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 3. desem-
ber. Biblíulexíur kl. 11 og guðs-
þjónusta kl. 12, Griselda Rosales
prédikar.

Stóra-Núpskirkja
Jólasöngvar í kirkjunni mánu-
daginn 5. desember kl. 20.
Kirkjukórinn syngur aðventu- og
jólalög undir stjórn Þorbjargar
Jóhannsdóttur.

Skálholtskirkja
Sunnudaginn 4. desember annar
sunnudagur í aðventu er aðventu
messa kl. 11.00 í Skálholtskirkju.
Hvetjum fólk til að mæta í nota-
legum fótum t.d. náttfötunum

HEILSA

Nudd –
Svæðanudd

Dáleiðsla
Augnlestur og
heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í
Heilsulindinni Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501



Nýi nuddarinn
í bænum
Tilboð til áramóta

Gunnar 822 0727
www.dao.is
Facebook.com/Dao Nudd



Hópmýnd talið frá vinstri: Einar Á.E. Sæmundsen, Helgi Kjartansson, Valdimar Kristjánsson, Ásta Stefánsdóttir, Eyrún Jenný Bjarnadóttir, María Reynisdóttir, Inga Dóra Hrólfsdóttir, Einar Pálsson, Hafðís Huld Björnsdóttir, Ásborg Arnþórsdóttir, Svanur G. Bjarnason, Hildur Kristjánsdóttir, Vigfús Þór Hróbjartsson, Katrín Karlsdóttir, Jón Bjarnason, Ása Valdís Árnadóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Vilhjálmur Árnason

Gullna hringborðið sett á laggirnar

Nýr samráðsvettvangur um þróun ferðaþjónustu sem tengist Gullna hringnum, Gullna hringborðið, hefur tekið til starfa. Fyrsti fundur var haldinn á Þingvöllum í gestastofunni á Hakinu. Þar komu saman fulltrúar opinberra stofnana sem fara með málefni tengd Gullna hringnum þ.e. fulltrúar frá menningar- og viðskiptaráðuneyti, Umhverfisstofnun, Þingvallabjórðgarði, Vegagerðinni, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi og Hrunamannahreppi. Ráðgjafi frá RATA sá um fundarstjórn og leiddi samtál Gullna hringborðsins.

Yfirskrift fundarins var: „Hvernig ætlum við saman að takast á við fyrrisjáanlega

fjölgun ferðamanna á Gullna hringnum á næstu árum?“

Flutt voru kynningarerindi sem komu inn á stöðu mála á svæðinu út frá mismunandi sjónarhornum og rætt var um verkefnin framundan. Fjallað var um hlutverk og ábyrgð mismunandi aðila, framtíðarspár um fjölgun ferðamanna sem og skipulag og stjórnun áfangastaða. Einnig var farið yfir áskoranir í viðhaldi og þjónustu á vegum, áskoranir sveitarfélaga, viðhorf gesta og sitthvað fleira.

Samstarfsvilji og jákvæðni var ríkjandi á fundinum. Framundan er áframhaldandi samtál þessara aðila og verður óskað eftir aðkomu fleiri hagaðila, jafnt innan sem utan svæðisins, þegar fram líða stundir.



Hátíðarnótt í Selfosskirkju

Fyrir jólin 2015 kom út geisladiskurinn „Hátíðarnótt“ og þar leika þeir Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari, Karl Olgeirsson píanóleikari og Jón Rafnsson bassaleikari, jólalög og sálma sem fylgt hafa íslensku jólahaldi í gegnum áratugina. Þeir hafa síðan þá, alltaf haldið nokkra tónleika á aðventunni og á líðandi aðventu verður engin undantekning þar á, því framundan eru fimm tónleikar. Á tónleikunum, sem eru um klukkustundar langir, leika þeir diskinn frá upphafi til enda.

Útsetningarnar eru í rólegri kantinum og stemningin sem myndast er bæði þægileg og afslappandi, sem áheyrendur tala gjarnan um og eru ánægðir með, - gott að koma og bara hlusta og íhuga og njóta.

Þeir munu leika í Selfosskirkju þriðjudaginn 6. desember kl. 20.00 og er aðgangur ókeypis.

Tónleikarnir eru styrktir af Tónlistarsjóði. Sjá nánar um verkefnið á <https://jrmusic.is/jr-verkefni/hatidarnott/>

Persónulegar JÓLAGJAFIR



Það stýttist í jólin!

Kíktu á hönnunarvefinn okkar og búðu til persónulegar jólagjafir.

- Myndalbúm
- Dagatöl
- Jólakort

honnun.prentmetoddi.is



Þjóðum einnig upp á tilbúin dagatöl og dagbækur.

Fyrir þau sem ætla að vera skipulögð á árinu er Framkvæmdabókin góður kostur.

prentmetoddi.is/vefverslun





Sveitarfélagið Ölfus með jákvæðan rekstur

Lækka fasteignaskattshlutfall um 24,2% og hyggja á innviðafjárfestingar upp á 9 milljarða á næstu 4 árum

Í síðustu viku var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélagið Ölfus.

A forsendum trausts reksturs sem skilar rekstrarafgangi í bæði samstæðu og A hluta er stefnt að innviðafjárfestingum Sveitarfélagsins upp á 9 milljarða á næstu 4 árum. Samhliða er fasteignaskattshlutfall lækkað um 24,2% á næsta ári og hefur það þar með verið lækkað um 38% á fimm árum. Til grundvallar þessa trausta reksturs liggja stærstu einkaframkvæmdir atvinnulífsins hér á landi í sögunni þar sem fyrirhugað er að verja hátt í 200 milljörðum til verðmætasköpunar og fjölgun starfa á næstu árum.

Ráðgert er að rekstrartekjur samstæðu verði 4.241.745 þús. kr. og rekstrargjöld 3.441.628. Fjármagnsgjöld verði 209.018 þús. kr. og afskriftir 257.912 þús. Þannig verði rekstarniðurstaða, jákvæð sem nemur 333.188 þús. kr. og veltufé frá rekstri verði 764.060 þús. kr. Fyrirhugað er að greiða langtímalán niður fyrir 239.980 þús. kr.

Sé litið til A-hluta má sjá að samkvæmt áætlun verða rekstrartekjur 3.549.755 þús. kr. og rekstrargjöld 3.148.685 þús. kr. Áætlunin gerir ráð fyrir að A hluti verði rekin með afgangi upp á rúmlega 160 milljónir.

Áætlunin ber í alla staði með sér að Ölfus er í sókn enda hefur íbúum á árinu fjölgað verulega. Höfuð áhersla er því lögð á að mæta þörfum vaxandi samfélags með áherslu á fræðslu- og fjölskyldu mál svo sem styrkingu félagsþjónustu og framkvæmdum við skóla.

Á komandi ári eru allverulegar fjárfestingar fyrirhugaðar. Heildar eignfærðar fjárfestingar eru áætlaðar 1.451.775 þús. kr. nettó. Brúttó fjárfestingar vel

á þriðja milljarð. Þannig eru áætlaðar fjárfestingar vegna nýs leikskóla 450 milljónir á næsta ári og 300 milljónir árið 2024. Samtals eru fyrirhugaðar fjárfestingar í fræðslu- og uppeldismálum upp á 1.416.550 þús. á næstu 4 árum.

Áfram verður haldið með þá stefnu að bjóða upp á hagkvæmar lóðir á kostnaðarverði og þannig reynt að mæta vaxandi húsnaðisþörf án auka skattlagningar á húsbyggendur í formi lóðagjalda. Framkvæmdir við gatnagerð á næsta ári er áætlaðar 1.020.000 þúsund.

Þegar litið er til næstu fjögurra ára má sjá þann mikla sóknarhug sem er í samfélaginu í Ölfusi því ráðgert er að nettó fjárfestingarkostnaður verði rúmlega 6 milljarðar og brúttó fjárfesting gæti því vel legið nærri 9 milljörðum.

Samhliða þessum mikilvægu þáttum er áfram allra leiða leitað til að létta álögum á bæjarbúa og styðja við bakið á þeim.

Áfram verður haldið að bæta innviði og hvergi kvikað frá þeirri stefnu að fjölga íbúum á forsendum traust atvinnulífs.

Framundan eru stærstu atvinnu- fjárfestingar Íslandssögunnar þar sem m.a. er fyrirhugað að verja 160 til 180 milljörðum í uppbyggingu laxeldis á landi. Þá er unnið að fjölmörgum öðrum nýsköpunarverkefnum bæði í dreifbýli og þéttbýli. Má þar til að mynda nefna áburðarverksmiðju sem framleiðir umhverfisvænan áburð úr affalli fiskeldis, gróðurhús, skelrækt, gagnaver, smáþörungarækt, drykkavöruframleiðsla og margt fl. Til að þjónusta þennan mikla vöxt er unnið að stækkan hafnarinnar sem gerir mögulegt að þjónusta skip allt að 200 metra löng í stað þess 130 metra hámarks sem nú er.

Fjárhagsáætlunin nú ber það því með sér að trúin á framtíðina er rík og tækifæri til sóknar. Meðvituð um söguna er þó samhliða reynt af fremsta megni að taka mið af tvísýnum efnahagshorfum samhliða því sem ráðast er í stórar framkvæmdir, mikilvægu viðhaldi sinnt af einurð og brugðist við þeim mörgu áskorunum sem fylgja fjölgun íbúa og sterkum vilja til að bæta þjónustu við íbúa.

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

Pípulagnir Júlla

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

TAXI
SELFOSSI
482-3800

Hjólbarðapjónusta
Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 • 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ÖKULAND

Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

Rétting
og málun

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is